



ÁRSSKÝRSLA 2014



EFNISYFIRLIT ÁRSSKÝRSLU 2014

	Bls.
Stjórn RARIK	2
Inngangur	3
Stjórnskipurit	7
Aðalfundur RARIK 2014	8
Fjármál	9
Dreifikerfi	11
Hitaveitur	18
Starfsemin	19
RARIK Orkuþróun ehf.	24
Orkusalan ehf.	25
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	30
Áritun endurskoðenda	31
Rekstrarreikningur ársins 2014	32
Efnahagsreikningur 31. desember 2014	33
Eiginfjáryfirlit árið 2014	34
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014	35
Efnisyfirlit skýringa	37
Skýringar	38
Yfirlýsing um stjórnarhætti	58
English summary	61



STJÓRN RARIK OHF. 2014-2015

Ný stjórn RARIK ehf. var kosin á aðalfundi í mars 2014.

Hana skipa:



*Birkir Jón Jónsson,
formaður*



*Arnbjörg
Sveinsdóttir*



*Björgvin G.
Sigurðsson*



*Guðmundur Hörður
Guðmundsson*



*Huld
Aðalbjarnardóttir*

FORSTJÓRI RARIK



*Tryggvi Þór
Haraldsson,
forstjóri RARIK*



FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA

Rekstur RARIK samstæðunnar á árinu 2014 gekk vel og var afkoman fyrir fjármagnsliði og afkomu hlutdeildarfélags í samræmi við áætlanir. Tekjur hækkuðu um 6% frá fyrra ári, sem var heldur lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir og gjöld hækkuðu um rúm 4%, sem einnig var minna en gert var ráð fyrir. Fjármagnsliðir og afkoma hlutdeildarfélags voru hagstæðari en gert var ráð fyrir, þannig að hagnaður ársins eftir skatta er meiri, eða tæpir 2,7 milljarðar. Fjárfestingar ársins voru umtalsvert minni en árið á undan, eða 2,6 milljarðar á móti tæpum 3,8 milljörðum árið áður. Starfsmenn RARIK og dótturfélaga voru 192 í árslok 2014.

Afkoma ársins

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 4.719 milljónir króna, eða 37% af veltu. Rekstrartekjur voru 12.521 milljónir og rekstrargjöld voru 9.513 milljónir. Fjármagnsgjöld voru 748 milljónir og hagnaður eftir skatta 2.661 milljónir króna. Heildareignir RARIK í árslok voru skv. efnahagsreikningi 48 milljarðar og heildarskuldir 19 milljarðar. Eigið fé var því um 29 milljarðar, eða 61%.

Verðskrá RARIK fyrir flutning og dreifingu raforku var hækkuð í upphafi árs um 4,5% í dreifbýli en engin hækkun var í þéttbýli. Þá hækkaði Orkusalan gjaldskrá sína um 2,3% þann 1. júlí, en gjaldskrá hitaveitna var ekki hækkuð á árinu.

Dreifing á raforku jókst um 2% á milli ára þar af var aukning í dreifingu forgangsorku rúmlega 4%, en samdráttur var hins vegar um rúm 5% í dreifingu ótryggðrar orku. Aukning forgangsorku í þéttbýli var 1% en aukning í dreifbýli (sveitunum) um 5%. Samdráttur í ótryggðri orku stafaði fyrst og fremst af því að loðnuvertíðin brást, en einnig vegna orkuskortis og skerðinga vegna lágrar vatnsstöðu í uppistöðulónum virkjana.

Starfsemin á árinu

Unnið er eftir langtíma áætlun um endurnýjun rafdreifikerfisins, en skv. henni er gert ráð fyrir að endurnýja um 200 km á ári næstu 20 ár. Að auki eru árlegar viðbætur við kerfið að ósk nýrra viðskiptavina. Lagðir voru 289 km af háspennu jarðstrengjum á árinu, þar af 204 km vegna endurnýjunar og 85 km vegna aukningar. Fjárfestingar í rafdreifikerfinu námu 1.710 milljónum króna, þar af um 1.000 milljónir vegna lagningar jarðstrengja við endurnýjun dreifikerfa í dreifbýli. Í stofnkerfum og orkusölumælum var fjárfest fyrir um 305 milljónir og í varavélum fyrir um 25 milljónir. Í hitaveitum var fjárfest fyrir um 150 milljónir og í bifreiðum fyrir um 70 milljónir. Þá var fjárfest fyrir rúmar 310 milljónir í virkjunum dótturfélagsins Orkusölnnar.

Stærsta einstaka verkefnið í aukningu dreifikerfisins var lagning 25 km háspennu-strengs frá Búlandi í Skaftafellssýslu að Hörðubreiðarhálsi við Eldgjá. Verkefnið var unnið vegna rafvæðingar Tetra endurvarpsstöðva.

Vegna atburða í Bárðarbungu og eldgoss í Holuhrauni var farið í umfangsmiklar aðgerðir til að bregðast við neyðarástandi sem gert var ráð fyrir að gæti skapast af þess völdum. Fjórar færanlegar varavélar voru fluttar frá Vestur- Norður- og Austurlandi til að hafa til taks í N-Pingeyjarsýslu. Þá vann Neyðarstjórn RARIK í samstarfi við Almannavarnir og önnur orkufyrirtæki að undirbúningi og áætlunum til að bregðast við yfirvofandi neyðarástandi.

Boruð var 1700 m djúp tilraunavinnsluhola við Hoffell í Hornafirði á árinu, í framhaldi af vel heppnaðri borun sambærilegrar holu á árinu 2013. Þótt nægur hiti hafi fundist í holunni gefur hún ekkert vatn. Áformað var að bora tvær djúpar holur til viðbótar á árinu 2015, en nú er gert ráð fyrir að bora nokkrar grunnar rannsóknarholur áður en



Tryggvi Þór Haraldsson,
forstjóri RARIK



Birkir Jón Jónsson,
formaður stjórnar RARIK

ákvörðun verður tekin um borun fleiri djúpra vinnsluhola. Á Skagaströnd var haldið áfram að tengja nýja viðskiptavini við hitaveituna sem tekin var í notkun árið áður. Langstærsti hluti húsa í bæjarfélaginu var tengdur í árslok. Tekin var í notkun borhola á Reykjum við Húnavelli sem boruð var 2013 og unnið að undirbúningi og hönnun á nýju stjórnhúsi og miðlunargeymi fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar, sem gert er ráð fyrir að ljúka við 2015.

Fyrirvaralausar rekstrartruflanir voru 8% færri en í meðalári og hafa aldrei, nema á árinu 2013, verið færri frá því skipuleg skráning rekstrartruflana hófst 1992.

Handbók RARIK var endurútgefin í nýju viðmóti á innri vef fyrirtækisins á árinu. Nýja viðmótið auðveldar allar uppfærslur og viðhald handbókarinnar, auk þess að bæta aðgengi notenda og léttla leit þeirra að skjölum. Handbókin hefur m.a. að geyma allar helstu verklagsreglur fyrirtækisins, leiðbeiningar, skipurit, verkfyrirmæli, tilvísanir í lög og staðla um gæða-, umhverfis- og öryggismál. Mikilvægi handbókar RARIK fer vaxandi ár frá ári, samfara sífellt aukinni eftirlitskröfu og úttektum sem gerðar eru á starfsemi fyrirtækisins. Þá var á árinu unnið að gerð fjölmargra verklagsreglna og að skjalfestingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis inn í handbókina.

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis var innleitt á árinu og var mikil vinna við mótun þess og skipulag. Árið var fyrsta heila starfsárið þar sem unnið er eftir stjórnkerfi upplýsingaöryggis til að uppfylla kröfur FME. Óháð utanaðkomandi úttekt á kerfinu staðfesti góða stöðu þess, þótt ljóst sé að áfram þurfi að vinna að ýmsum verkferlum og ítarlegri innleiðingu á næstu misserum.

Dótturfélög

Rekstur á áttunda starfsári Orkusölnunnar ehf. sem er í 100% eigu RARIK gekk vel og var hagnaður eftir skatta 672 milljónir króna og eiginfjárhlutfall í árslok var 64,3%. Orkusalan á og rekur 5 virkjanir og framleiðir sjálf rúman fjórðung þeirrar orku sem hún selur. Heildarmarkaður Orkusölnunnar á árinu 2014 var 1.002 GWst, framleiðsla virkjana var 273 GWst og hefur aldrei verið meiri. Nær öll orkuöflun umfram eigin framleiðslu á árinu kom frá Landsvirkjun.


Lokið var stækkun Rjúkandavirkjunar á árinu og hún gangsett í mars. Rekstur virkjunarinnar gekk að mestu vel, en þó hafa komið upp vandamál tengd legum rafalans. Þrátt fyrir það hefur Rjúkandavirkjun aldrei framleitt meiri raforku en árið 2014 eða 11 GWst.

Grímsárvirkjun sem er frá 1958 var tekin úr rekstri á árinu vegna endurnýjunar. Allur rafbúnaður virkjunarinnar nema rafali og spennir var endurnýjaður, en vatnsvélin öll tekin upp og lagfærð. Prófanir á endurnýjaðri virkjun sem gerðar voru í lok árs gengu ekki sem skyldi, svo taka þurfti vatnsvél virkjunarinnar aftur í sundur. Áætlanir um gangsetningu gengu ekki eftir á árinu og er gert ráð fyrir að Grímsárvirkjun verði komin í fullan rekstur í febrúar 2015. Orkuvinnsla Grímsárvirkjunar mun ekki breytast, en endurnýjunin skapar hagræði í rekstri þar sem eftirlit og stjórnun virkjunarinnar verður gerð fjarstýranleg og sjálfvirk.

Ekki urðu neinar stórvægilegar bilanir í virkjunum Orkusölnunnar á árinu og almennt litlar truflanir á rekstri.

Áfram var haldið að undirbúa virkjun Hólmsár í Vestur-Skaftafellssýslu, í samstarfi við Landsvirkjun, en Orkusalan er með helmings hlutdeild í undirbúningi virkjunarinnar á móti Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl verði um 65 MW og er gert ráð fyrir að sá hluti þeirrar orku sem Orkusalan aflar frá virkjuninni fari á almennan markað. Þrátt fyrir að nægjanleg grunnögn liggja fyrir að mati verkefnisstjórnar 3. áfanga áætlunar um vernd og nýtingu virkjunarkosta (rammaáætlun) er það þó niðurstaða

RAFORKUDREIFING 2014



- Forgangorka þéttbýli 511 GWst
- Forgangorka dreifbýli 416 GWst
- Ótryggð orka 211 GWst

verkefnisstjórnarinnar að framkvæma ekki að sinni flýtimeðferð á Hólmsárvirkjun neðri við Atley, þótt beiðni um það hafi komið frá stjórnvöldum. Orkusalan hefur ítrekað harmað þá niðurstöðu og er ljóst að sú óvissa sem enn ríkir um afdrif Hólmsárvirkjunar í rammaáætlun muni veikja og hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu Orkusölnunnar, enda er Hólmsárvirkjun eini virkjanakosturinn sem Orkusalan er með í vinnslu. Það leiðir til þess að Orkusalan þarf í framtíðinni að byggja orkuöflun sína m.a. á framleiðslu helstu keppinautanna á markaðnum komi ekki eitthvað nýtt til. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 11 í árslok 2014.

Rekstur RARIK Orkuþróunar ehf. (RED) á sjöunda starfsári sínu var að mestu í samræmi við áætlanir. Félagið á hlut í Sjávarorku ehf, sem er með rannsóknarleyfi í Hvammsfirði vegna sjávarfallavirkjunar og vann á árinu áfram að straummælingum í Hvammsfirði m.a. til að kanna möguleika þess að ráðast í tilraunavirkjun sem næst Stykkishólmi.

Varðandi erlend verkefni RARIK Orkuþróunar hefur fyrirtækið ásamt EFLU verkfræðistofu fengið rannsóknarleyfi og unnið að rannsóknum á jarðhitasvæðum í Tyrklandi í gegnum félagið RARIK Turkison Enerji (RTE). Á árinu 2013 var undirritaður samningur milli eigenda RTE og tyrkneska orkufyrirtækisins Zorlu Enerji AS um aðkomu Zorlu að verkefnum RTE. Stofnað var nýtt fyrirtæki í eigu Zorlu og RTE sem hefur unnið að frekari rannsóknum á svæðinu. Á árinu var undirritaður rannsóknarsamningur um ráðgjöf EFLU og RED fyrir nýja fyrirtækið og kemur ÍSOR einnig að ráðgjafabjónustunni ásamt bandarísku fyrirtæki. Hjá RARIK Orkuþróun ehf. er einn starfsmaður.

Dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari sem RARIK stofnaði árið 2009 leigir út hluta af ljósleiðara sem það á í Örafum. Að öðru leyti var enginn eiginlegur rekstur í félaginu og enginn starfsmaður.

Endurnýjun dreifikerfisins með jarðstrengjum í stað loftlína

Hlutfall jarðstrengja í háspennukerfi RARIK er nú orðið um 53%. Umfang kerfisins er hins vegar mjög mikið, eða um 8.700 km, sem samsvarar vegalengdinni frá Reykjavík til Japan. Kerfið var upphaflega byggt með beinum framlögum úr ríkissjóði, en endurnýjun þess er nú á ábyrgð RARIK. Enn er eftir að endurnýja um 4.000 km af loftlínum sem áætlað er að ljúka á næstu 20 árum. Jarðstrengsvæðingin hefur þegar skilað miklum árangri og er enginn vafi á að mun alvarlegri rekstrartruflanir hefðu orðið á árinu 2014 vegna veðurs ef hlutfall jarðstrengja í dreifikerfinu væri ekki orðið þetta hátt. Mörg slæm ísingarveður á árinu ollu engum verulegum tjónum, þótt nokkrar truflanir hafi orðið af þeirra völdum. Fjöldi truflana á síðasta ári var um helmingur þess sem var á árinu 1995, en þá hófst jarðstrengsvæðing dreifikerfisins sem staðið hefur síðan.

Til að unnt sé að halda áfram að endurnýja kerfið á sama hraða og undanfarin ár þarf verulega fjármuni og nauðsynlegt að afkoma RARIK standi undir þeirri þörf. Búið er að afskrifa stóran hluta dreifikerfis RARIK, þannig að endurnýjunin verður ekki framkvæmd á móti afskriftum. Fyrirtækið þarf því að skila hagnaði til að standa undir fjárfestingunni ef ekki á að koma til frekari skuldsetningar.

Á árinu voru plægingar jarðstrengja boðnar út fyrir öll svæði RARIK. Ákveðið var að leita samhliða eftir verði í lagningu ljósleiðaralagna til að fá fram samlegðaráhrif af lagningu háspennujarðstrengja og ljósleiðara. Var það liður í upplýsingagjöf vegna áforma stjórnvalda um að leita hagkvæmstu leiða við lagningu ljósleiðara um dreifbýlið. Það leiddi til þess að í nokkrum tilvikum völdu fjarskiptafyrirtæki að leggja ljósleiðara samhliða strenglögnum RARIK á árinu. Áformað er frekara samstarf með fjarskiptafyrirtækjum um slíkar lagnir á næstu árum. RARIK leggur þó áherslu á að það auki ekki tilkostnað fyrirtækisins við strengvæðingu, enda er endurnýjun rafdreifikerfisins þegar mjög fjárfrekt og krefjandi forgangsverkefni.



Unnið að viðgerð á Hellissandslínu.



Þriggja fasa jarðstrengir eru nú um 53% af háspennukerfi RARIK og er samantölgð lengd þeirra um 8.700 km.

Verðjöfnun í dreifbýli


RARIK hefur fullnýtt tekjuheimildir sínar í þéttbýli, en hefur lengi haldið aftur af nauðsynlegum verðskrárhækkunum í dreifbýli. Verðmunurinn milli verðskrár í þéttbýli og verðskrár í dreifbýli þyrfti að vera meiri en hann er í dag, enda er umfang dreifikerfis í dreifbýli RARIK margfalt meira en dreifikerfis í þéttbýli þótt orkunotkun í dreifbýlinu sé minni en í þéttbýli. Tekjur RARIK verða að geta staðið undir kostnaði við þá endurnýjun dreifikerfisins sem nauðsynleg er og sívaxandi kröfur eru gerðar til. Því hefur stjórn RARIK þurft að taka ákvarðanir á undanförunum árum um að hækka verðskrá í dreifbýlinu umfram verðlagshækkanir og mun þurfa þess eitthvað áfram.

Skv. lögum er heimilt að verðjafna kostnað vegna raforkudreifingar í dreifbýli. Fjárframlag til verðjöfnunarinnar er ákvarðað í fjárlögum hvers árs og var fjármagn til þess lengst af nánast óbreytt frá setningu raforkulaganna 2003. Í fjárlögum 2014 varð hins vegar breyting á, þegar samþykkt var aukið fjárframlag til verðjöfnunar í dreifbýli sem hafði strax áhrif til lækkunar í dreifbýli. Þá kom einnig fram að stjórnvöld stefndu að því á þremur árum að auka framlagið enn frekar þar til sem næst fullri verðjöfnun yrði náð milli verðs í dreifbýli og þéttbýli. Í fjárlögum fyrir 2015 var samþykkt að halda áfram á þessari leið sem mun augljóslega hafa frekari áhrif til lækkunar á raforkukostnaði raforkunotenda í dreifbýli á árinu 2015. Stefna stjórnvöld að því að á árinu 2016 verði kostnaður raforkudreifingar í dreifbýli ekki hærra en hjá viðskiptavinum þeirrar dreifiveitu sem er með hæstan dreifikostnað í þéttbýli. Jafnframt hefur komið fram að gert sé ráð fyrir að til að fjármagna verðjöfnunina verði lagður skattur á alla raforkudreifingu. Frumvarp liggur nú fyrir Alþingi varðandi þetta mál, en hefur ekki verið afgreitt. Að mati RARIK ætti slík verðjöfnun að fjármagnast af almennu skattfé, en ekki af sérstakri skattlagningu á dreifingu raforku. Mikilvægast er þó að með þessum aðgerðum stjórnvalda næst langbráð markmið um verðjöfnun á raforkukostnaði milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Tryggvi Þ. Haraldsson

Þórunn Jón Jónsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRAR SVIÐA OG DÓTTURFÉLAGA





Trygvi Þór Haraldsson forstjóri flytur aðalfundinum skýrslu sína.

AÐALFUNDUR RARIK 2014


Aðalfundur RARIK ohf. 2014 var haldinn í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík 28. mars 2014.

Í ávarpi sínu við upphaf aðalfundarins rifjaði Árni Steinar Jóhannsson fráfarandi formaður stjórnar RARIK upp nokkur þeirra stóru verkefna sem stjórn fyrirtækisins hefði tekist á við á þeim fjórum árum sem liðin voru frá því hún var kjörin. Vegna efnahagshrunsins og afleiðinga þess hefði þurft að grípa til margra erfiðra ákvarðana til að afstýra frekari áföllum. Viðsnúningur fyrirtækisins hefði hins vegar verið ótrúlega hraður enda væru innviðir þess sterkir og stjórnin hefði staðið þétt saman í þeim aðgerðum sem grípa þurfti til. Árni sem hvarf úr stjórn á aðalfundinum þakkaði forstjóra RARIK og öðru starfsfólki farsælt og gott samstarf.

Trygvi Þór Haraldsson forstjóri sagði að árið 2013 hefði verið gott rekstrarár hjá RARIK og horfur fyrir árið 2014 væru góðar. Í skýrslu sinni fór hann yfir helstu verkefni ársins 2013 og gat þess að þá hefði náðst sá ánægjulegi áfangi að meira en helmingur rafdreifikerfis RARIK væri kominn í þriggja fasa jarðstrengi og umfang loftlínukerfisins orðið minna en jarðstrengjakerfisins. Hann gat þess að tjón á dreifikerfinu haustið og veturinn áður hefði orðið mun meira ef jarðstrengjavæðing væri ekki komin jafn langt og raun ber vitni. Hann minntist einnig á að óvenjumikil skerðing hefði orðið á raforku frá Landsneti og Landsvirkjun til kyndistöðva RARIK og áfram stefndi í verulegar skerðingar á árinu 2014. Trygvi Þór þakkaði starfsmönnum RARIK og dótturfélaga fyrir frábært starf á árinu 2013. Hann þakkaði stjórn fyrir ánægjulegt samstarf og þá sérstaklega þeim sem voru að hverfa úr stjórninni um leið og hann óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið.

Á aðalfundinum var ný starfskjarastefna stjórnar kynnt og síðan samþykkt en lögum samkvæmt ber stjórn að samþykka starfskjarastefnu sem varðar laun og aðrar greiðslur til æðstu stjórnenda félagsins. Ný stjórn var kosin á aðalfundinum en hana skipa þau Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson og Huld Aðalbjarnardóttir. Úr stjórn gengu Árni Steinar Jóhannsson, Hilmar Gunnlaugsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Valdimar Guðmannsson.

SKIPTING EIGNA RARIK SAMSTÆÐU 2014



- Veitukerfi
- Virkjanir
- Aðrir rekstrarfjármunir
- Veltufjármunir
- Eignarhluti í öðrum félögum

FJÁRMÁL

Árið 2014 var hagstætt ár í rekstri RARIK. Tekjur hækkuðu um rúm 6% frá fyrra ári en rekstrargjöld um rúm 4%. Niðurstaða rekstrar fyrir fjármagnsliði var svipaður og áætlanir gerðu ráð fyrir, en fjármagnsliðirnir voru mun hagstæðari. Hagnaður ársins var því meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum.

Rekstur 2014

Rekstrarhagnaður ársins 2014 (EBIT) var 3.008 milljónir króna sem er um 24% af veltu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var um 37% sem hlutfall af veltu eða 4.719 milljónir króna. Í byrjun ársins var gjaldskrá dreifingar í dreifbýli hækkuð um 4,5% en þéttbýlisgjaldskrá hækkaði ekki. Þrátt fyrir þessa hækkun dreifingar er RARIK ekki að fullnýta tekjuheimildir sínar, samkvæmt ákvæðum raforkulaga, í dreifbýlinu og mun þurfa sérstaka hækkun á dreifbýlisgjaldskrá á næstu árum. Tekjuheimildir í þéttbýli eru hins vegar fullnýttar, m.a. vegna aukinna tekna af tengigjöldum undanfarin ár vegna rafvæðingar fiskimjölsverksmiðja. Gjaldskrár hitaveitna RARIK breyttust ekki á árinu. Orkusalan hækkaði verðskrá sína um 2,3% þann 1. júlí til samræmis við hækkun Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusölnnar.


Rekstrartekjur ársins voru 12.521 milljón króna sem er aukning um rúm 6% frá fyrra ári. Rekstrargjöldin voru 9.513 milljónir króna sem er 4% hækkun frá árinu 2013. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur ársins voru 748 milljónir króna sem er um 4,5% af vaxtaberandi skuldum í upphafi ársins. Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta er jákvæð um 2.260 milljónum króna samanborið við 1.817 milljónir króna árið 2013. Áhrif hlutdeildarfélagins Landsnets eru jákvæð um 847 milljónir króna. Hagnaður ársins að teknu tilliti til tekjuskatts er 2.661 milljón króna.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM 2010-2014

Helstu stærðir úr rekstri	Jan.-des. 2010	Jan.-des. 2011	Jan.-des. 2012	Jan.-des. 2013	Jan.-des. 2014
Rekstartekjur	9.694	10.768	11.412	11.793	12.521
Rekstrargjöld	7.907	8.547	8.428	9.108	9.513
Rekstrarhagnaður	1.787	2.221	2.984	2.684	3.008
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	56	-1.233	-1.282	-867	-748
Áhrif hlutdeildarfélag	802	189	180	491	847
Hagnaður/tap fyrir skatta	2.646	1.177	1.882	2.309	3.107
Tekjuskattur	-127	-164	-341	-362	-446
Hagnaður (Tap)	2.518	1.014	1.541	1.947	2.661
Eignir samtals	37.032	37.262	44.569	46.787	48.536
Eigið fé	18.314	19.327	25.507	27.144	29.495
Skuldir	18.718	17.935	19.062	19.643	19.041
Handbært fé frá rekstri	2.067	2.779	3.257	3.541	3.837
Greidd vaxtagjöld	842	623	630	657	649
EBITDA	3.054	3.520	4.351	4.300	4.719
Vaxtaþekja	3,63	5,65	6,91	6,54	7,27
Eiginfjárhlutfall	49,5%	51,9%	57,2%	58,0%	60,8%

DREIFINGARKOSTNAÐUR 2014

skv. notkunarflokkum



Afskriftir ársins eru nokkuð hærri en árið áður vegna virðisryrnunarfærslu að fjárhæð 100 milljónir króna sem gerð er vegna kostnaðar við borun við Hoffell við Hornafjörð vegna væntanlegrar jarðhitaveitu fyrir Höfn. Borunin bar ekki árangur þar sem holan gefur ekkert heitt vatn og því er þessi varúðarfærsla gerð.

Efnahagur

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 48.536 milljónir króna, skuldir í árslok eru 19.041 milljón króna og því er eigið fé 29.495 milljónir króna og er eiginfjárlutfallið 61%. Eiginfjárlutfall RARIK er nú svipað og það var við stofnun hlutafélagsins árið 2006. Fjárfesting á árinu 2014 var 2.574 milljónir króna en árið 2013 var heildarfjárfesting 3.776 milljónir króna. Meginhluti fjárfestingarinnar er vegna endurnýjunar dreifikerfisins. Fjárfesting í veitukerfum á árinu var samtals 2.040 milljónir króna. Fjárfesting í virkjunum á árinu var 312 milljónir króna.

Fjármögnun

Á árunum 2015–2017 eru afborganir lána rúmlega 9 milljarðar króna og ljóst að endurfjármagna þarf stóran hluta þeirra til lengri tíma. Meginþungi þessara afborgana er á árunum 2015 og 2016. Undirbúningur endurfjármögnunar er hafinn en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort hún verður eingöngu á innlendum fjármagnsmarkaði.


Hlutfall erlendra skulda í árslok var tæplega 13% af vaxtaberandi skuldum félagsins og ef ekki verða tekin ný erlend lán verða þau að fullu greidd upp á árinu 2018.

Horfur í rekstri árið 2015

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2015 eru ágætar. Gert er ráð fyrir að hagnaður af rekstri félagsins verði heldur minni en hann var á árinu 2014. Áætlanir fyrir árið 2015 gera ráð fyrir að forgangskusala aukist frá fyrra ári en gert er ráð fyrir að dreifing raforku standi í stað.

HLUTFALLSLEG SKIPTING Á MAGNI FORGANGSORKU 2014

EFTIR NOTKUNARFLOKKUM VIÐSKIPTAVINAR





Það eru oft krefjandi aðstæður þegar jarðstrengir eru plægðir niður. Hér er strengur lagður undir undir Hvítá í Borgarfirði.

DREIFIKERFI

Helstu framkvæmdir við dreifikerfi 2014

Endurnýjun og styrking dreifikerfisins var svipuð að umfangi og undanfarin ár. Aukning vegna umsókna frá viðskiptavinum voru í heild nokkru minni en árið áður og enn hefur heldur dregið úr umsóknum um heimtaugar fyrir sumarhús á Suður- og Vesturlandi miðað við undanfarin ár.

Heildarfjárfesting í endurnýjun og aukningu á 6 og 22 kV dreifikerfum nam um 1.710 m.kr. sem er svipuð upphæð og árið áður. Um 76% þessarar upphæðar fór til endurnýjunar og styrkingar á dreifikerfinu og þar af var um 1.000 m.kr. varið til endurnýjunar á loftlínukerfi í dreifbýli með jarðstrengjum og tilheyrandi spennistöðvum. Nú er svo komið að um 53% háspennudreifikerfis RARIK er í þriggja fasa jarðstrengjum sem er í takt við langtímaáætlun fyrir endurnýjun loftlínudreifikerfisins.

Fjárfestingar í stofnkerfum og orkusöllumælum námu um 304 m.kr. og voru bæði í endurnýjun og aukningu. Þetta er nokkru lægri upphæð en gert var ráð fyrir í áætlun þar sem bygging nýrrar aðveitustöðvar í Vík og endurnýjun 19 kV rofabúnaðar í Vatnshörmrum frestuðust ásamt því að byrjunarframkvæmdir við færslu sameiginlegrar aðveitustöðvar RARIK og Landsnets á Grundarfirði frestuðust.

Fjárfestingar í varaafli díselvéla námu um 25 m.kr.

ÁFANGASKIPTING FYRIR ENDURNÝJUN Á LOFTLÍNUKERFI Í DREIFBÝLI Á VERÐLAGI 2014				
Áfangi	Tímabil	Árabil	Km.	M.kr.
1. áfangi	6 ár	2015–2020	1.090	5.416
2. áfangi	5 ár	2021–2025	749	3.542
3. áfangi	10 ár	2026–2035	2.028	9.623
Samtals:			3.867	18.581
<p>Í fyrsta áfanga eru línur byggðar 1965 og fyrr. Í öðrum áfanga eru línur byggðar 1966–1970. Í þriðja áfanga eru línur byggðar 1971 og síðar.</p>				

Fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi RARIK voru 8% færri en í meðalári og hafa aldrei, nema árið 2013, verið færri frá því að skipuleg skráning truflana hófst 1992.




Framkvæmdir í dreifbýli

Á Vesturlandi voru lagðir alls um 35 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV háspennulínunum ásamt endurnýjun á tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 8,3 km til endurnýjunar á línunum við Erpsstaði í Dalabyggð, um 2,5 km á Skógarströnd, um 6,6 km á Hvítársíðu milli Bjarnastaða og Stóra Áss ásamt rofastöð við Stóra Ás með aflrofum sem mögulegt er að gera fjarstýranlega til að auka rekstraröryggi á svæðinu. Um 1,3 km jarðstrengur var lagður við Smiðjuhól auk þess að settur var upp millispennir, um 9 km voru lagðir til endurnýjunar á línunum í Lundareykjadal og Flókadal ásamt breytingum á spennistöðvum og fyrirkomulagi millispenna við Fossatún. Um 7,3 km voru lagðir í Melasveit milli Lambhaga og Skipaness. Unnið var að styrkingu lágspennudreifikerfa í nokkrum sumarhúsaahverfum ásamt því að allir raforkusólumælur í sumarhúsaahverfi í Skorradal voru endurnýjaðir með fjarálesanlegum mælum.

Á Norðurlandi voru lagðir alls um 96 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV loftlínunum ásamt tilheyrandi spennistöðvum. Þar af var lagður um 19 km jarðstrengur til endurnýjunar línu út á Skaga ásamt því að lagðir voru 7 km til endurnýjunar á línunum í Laxárdal í Refasveit en þar með lauk verkefni sem unnið var í samvinnu við sveitarfélagið Skagabyggð. Um 21 km af jarðstreng var lagður til endurnýjunar á línunum í Lýtingsstaðahreppi inn að Brúnastöðum og um 12,5 km af jarðstreng var lagður í Öxnadal til endurnýjunar á línunum frá Bægisá að Engimýri. Í sunnanverðum Eyjafirði frá Kjarnaskógi inn að Finnastöðum var farið í mikla styrkingu og endurnýjun línukerfisins með um 13 km strenglögnum sem munu auka spennugæði og rekstraröryggi á svæðinu. Til að auka flutningsgetu dreifikerfisins var lagður um 10 km jarðstrengur í stað línu í Vaðlaheiði Eyjafjarðarmegin til að anna aflþörf fyrir vinnurafmagn Vaðlaheiðarganga í Fnjóskadal. Um 9 km jarðstrengur var lagður í Kinn í Aðaldal frá Ljósveitningabúð að Halldórsstöðum til endurnýjunar á línu sem fór illa í aurskriðu haustið 2013. Lokið var endurnýjun á línunum við Mývatn sem fóru illa í ísingarveðri haustið 2012 með lagningu um 4,5 km jarðstrengs. Vegna aukinna viðskipta má nefna að lagður var strengur að gangamunna Vaðlaheiðarganga í Fnjóskadal og komið fyrir 1.000 kVA bráðabirgða spennistöð.

Á Austurlandi voru lagðir alls um 9 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 kV loftlínunum og styrkingar dreifikerfisins. Þar af var um 3,3 km jarðstrengur lagður frá aðveitustöð Eyvindarár áleiðis upp Fjarðarheiði til endurnýjunar á 11 kV línu sem oft hefur valdið truflunum vegna ísingar og um 1,3 km strengur var lagður við Hestgerði í Suðursveit til endurnýjunar á 19 kV línu. Settar voru upp spennistöðvar á háspennustrengi á Völlum á Héraði og í Nesjum í Hornafirði að Hoffelli sem lagðir voru 2013 til endurnýjunar á loftlínunum á þessum svæðum og lokið við endanlega tengingu jarðstrengjakerfisins. Á árinu var 33 kV stofnlína milli Fáskrúðsfjarðar og

HÁSPENNT DREIFIKERFI RARIK 2014



■ Jarðstrengir 4,636 km
■ Loftlínur 4,094 km

Stöðvarfjarðar endurnýjuð með 33 kV strenglögna að undanskildu háskarðinu en þar er tiltölulega nýleg öflug lína sem var látin halda sér enda um erfiða strengleið að ræða. Stöðvarfjarðarmegin voru þetta rúmlega 3,7 km og Fáskrúðsfjarðarmegin tæpir 7,7 km. Með 33 kV strenglögnum í Fáskrúðsfirði var lagður um 4,4 km 11 kV strengur sem er ætlaður til endurnýjunar á hluta af 11 kV línukerfinu í Fáskrúðsfirði með tengingu síðar. Af framkvæmdum sem tengjast auknum viðskiptum má nefna að lagður var um 3 km háspennustrengur frá aðveitustöð í Neskaupstað í átt að Fannardal til að styrkja dreifikerfi fyrir vinnurafmagn Norðfjarðarganga auk þess sem sett var upp 800 kVA bráðabirgða spennistöð við gangamunna í Fannardal. Vegna aukinna umsvifa í ferðamennsku í Nesjum, Suðursveit og Örfæum þurfti víða að stækka spennu og styrkja kerfið.

Á Suðurlandi voru lagðir um 64 km af jarðstrengjum til endurnýjunar og styrkingar á 11 og 19 kV loftlínám ásamt tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 43 km í Grímsnesi til að endurnýja loftlínur sem eftir voru á svæðinu frá Svínavatni vestur fyrir Hæðarenda. Einnig var loftlína í Grafningi við Bíldsfell leyst af hólmi. Þar með var síðasti hluti Skálholtslínu aflagður og er nú allt dreifikerfið milli Ljósafoss og aðveitustöðvar í Reykholti orðið hreint jarðstrengjakerfi. Settar voru upp fimm rofastöðvar í tengslum við þessar framkvæmdir og eru þrjár þeirra fjarstýranlegar sem eykur rekstraröryggi í bilanatilvikum og viðhaldsaðgerðum. Lagðir voru 11,8 km af jarðstrengjum í stað loftlína í Austur-Landeyjum frá Búðarhól að Borgareyrum. Í Vestur-Skaftafellssýslu var lagður um 1,4 km jarðstrengur í stað loftlínu við Seglbúðir í Landbroti, um 2,4 km í Kerlingardal, um 3,6 km að Litlu-Heiði við Heiðarvatn og um 1 km við Garða í Reynishverfi. Einnig var lagður um 0,8 km strengur í nýja brú yfir Múlakvísl en línan yfir Múlakvísl fór í jökulhlaupi 2011 en þá var komið á tengingu með bráðabirgðastreng í bráðabirgðabru sem reist var til bráðabirgða. Einnig var unnið að styrkingu lágspennudreifikerfa í sumarhúsaþverfum. Stærsta verkefnið sem tengdist auknum viðskiptum á Suðurlandi var rafvæðing Tetra endurvarpsstöðvar á Hörðubreiðarhálsi við Eldgjá í Skaftártungum með 25 km háspennustrengslögn frá Búlandi, ásamt spennistöðvum fyrir Hólaskjól og Eldgjá. Af öðrum verkefnum sem tengjast auknum viðskiptum má nefna rafvæðingu á sumarhúsasvæði við Reyðarvatn á Rangárvöllum.

Gengið frá spennistöð í Eldgjá í tengslum við rafvæðingu Tetra endurvarpsstöðvar á Hörðubreiðarhálsi í Skaftártungum.



DREIFIKERFI RARIK Á HÁSPENNU

	Strengir km	Línur km	Samtals km	Hlutfall strengja / %
66 kV	3	0	3	100
33kV	202	127	329	61
6 til 22 kV	4.416	3.967	8.383	53
	4.621	4.094	8.715	53
Sæstrengir	15	0	15	100
Strengir samtals	4.636	4.094	8.730	53

Péttbýlis- og byggðakjarnar

Á Vesturlandi var skipt um háspennurofa í spennistöð við bælistöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Ný spennistöð var sett upp við Sólbyrgi á Kleppjárnsreykjum fyrir nýtt gróðurhús. Endurnýjaðir voru götugreiniskápar á nokkrum stöðum og orkusölumælur bæði fyrir rafmagn og heitt vatn í Búðardal voru endurnýjaðir með fjarálesanlegum mælum. Þá var hafinn undirbúningur að uppsetningu nýrrar spennistöðvar í Melahverfi.

Á Norðurlandi var lokið uppsetningu á 11 kV búnaði í aðveitustöð á Húsavík og stærsti hluti háspennudreifikerfisins spennuhækkaður úr 6 kV í 11 kV. Reist var ný spennistöð við Stóragarð á Húsavík og gömul spennistöð í hótélbyggingu aflögð.

Á Austurlandi var sett upp ný spennistöð á Egilsstöðum í nýlegu hverfi þar sem verið er að byggja öldrunarheimili í tengslum við sjúkrahúsið. Spennistöðin kom í staðinn fyrir tvær spennistöðvar í nálægum hverfum. Jafnframt var háspennukerfið á svæðinu endurbætt. Komið var á hringtengingu spennistöðvar við barnaskólann á Egilsstöðum, sem eykur til muna afhendingaröryggi við þá stöð og við spennistöð við menntaskólann. Á Höfn voru háspennuskápar í spennistöð fyrir frystihús Skinneyjar-Pinganess endurnýjaðir þegar settur var upp nýr spennir fyrir frystihúsið.

Á Vopnafirði voru einnig endurnýjaðir háspennuskápar í aðveitustöð, vegna aukningar í uppsjávarvinnslu. Á Hallormsstað var háspennukerfið endurnýjað. Sett var upp fjarstýrð rofa- og spennistöð fyrir háspennudreifingu á svæðinu og kerfinu skipt upp til að minnka þau svæði sem verða rafmagnslaus í bilunum.

Á Suðurlandi voru endurnýjaðir háspennurofar í spennistöðvum við Lyngheiði og Dynskóga. Í Reykholti var komið á hringtengingu háspennukerfisins og sett upp ný rofa- og spennistöð fyrir gróðurhúsið Espiflöt. Á Laugarvatni var sett upp ný spennistöð við Íþróttakennarskóla og gömul spennistöð inni í skólanum aflögð. Sett var upp rofa- og spennistöð við Ferjuveg í Laugarási sem kemur í stað bráðabirgða spennistöðvar. Í Pykkvabæ var sett upp ný rofastöð til að tengja tvær vindmyllur við dreifikerfið. Á Hvolsvelli voru endurnýjaðir háspennurofar í spennistöð við Nýbýlaveg. Í Vík var allur rafbúnaður endurnýjaður í spennistöð við Klettsveg vegna stækkunar heimitaugar í hótélbyggingu.

Varavélar

Boðin var út ný 1800 kW varavél fyrir Þórshöfn sem sett verður upp 2015 og kemur í stað gamallar 1.000 kW vélar sem þar er. Lokið var við að ganga frá færanlegri varavél fyrir Vesturland á tengivagn með umtengjanlegum spennu fyrir 11 kV og 19 kV og 6.000 l olíutanki sem dugur fyrir sólarhrings keyrslu á fullu afli. Þar sem viðgerð á



Varavélstöð RARIK í Neskaupstað.

línu yfir Dalaskarð getur tekið langan tíma að vetri til var sett upp 40 kW varavél á Dalatanga fyrir vita og íbúðarhús. Vegna erfiðra bilana á flutningslínu Landsnets til Vopnafjarðar í ísingarveðrum í byrjun árs sáu varavélar RARIK á Vopnafirði fyrir forgangsortu á Vopnafjarðarsvæðinu sem nam 680 MWh. Fjórar færanlegar varavélar sem almennt eru staðsettar á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi voru fluttar í N-Pingeyjarsýslu vegna yfirvofandi hættu á flóði vegna umbrota í Vatnajökli.

Truflanir í dreifikerfum

Á síðasta ári urðu 599 fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfi RARIK, þar af voru 66% í háspennukerfinu en 34% í lággspennukerfinu. Þær voru heldur fleiri en á síðasta ári, en þó 8% færri en í meðalári. Einungis einu sinni hafa þær verið færri frá því skipuleg skráning truflana hófst, en það var árið 2013. Flestar truflanir eru af tæknilegum ástæðum eða 30%, veður olli 24% truflana, áflug 28% og gróftur 9%. Aðrar orsakir komu sjaldnar við sögu.


Skerðing til notenda vegna fyrirvaralausra truflana var 208 MWh á árinu. Á meðfylgjandi mynd má sjá skerðingu og keyrslu díselstöðva sem gripið var til í fyrirvaralausum truflunum, truflunum vegna viðhalds eða breytinga í kerfi RARIK og truflunum vegna flutningskerfis Landsnets. Ríflega 90% díselkeyrslunnar var vegna truflana frá Landsneti.

Helming skerðingar vegna fyrirvaralausra truflana má rekja til truflana vegna veðurs og um 26% til tæknilegra ástæðna, en aðrar orsakir vega minna. Veðurtruflanir eru alla jafna umfangsmeiri en truflanir vegna jarðvinnu og standa lengur en truflanir vegna áflugs og vega því hlutfallslega meira í skerðingu talið.

Rétt er að vekja athygli á því að stór hluti skerðingarinnar skýrist af tiltölulega fáum atvikum. Þannig má rekja um 36% skerðingar ársins til fjögurra stærstu truflananna. Truflanir yfir 10 kerfismínútum teljast umfangsmiklar truflanir og eru tilkynninga-skyldar. Engin slík truflun varð á árinu.

Mesta skerðing til notenda varð þegar spennir í aðveitustöð í Breiðdal bilaði þann 15. desember en bilanir í aðveituspennum eru afar fátíðar. Ófærð tafði flutning á varaspenni frá Reykjavík en hann var þó kominn á staðinn um 18 klst eftir að bilunin átti sér stað. Um fimm tímum síðar var straumi hleypt á að nýju og höfðu Breiðdalsvík og Breiðdalur þá verið rafmagnslaus í tæpan sólahring. Vegna ráðstafana til að tryggja viðbúnað gagnvart hættu á hamfaraflóði vegna eldgoss í Bárðarbungu var varaafsvél sem alla jafna er geymd á Fáskrúðsfirði ekki á staðnum. Því var ekki hægt að draga úr skerðingu til notenda með díselvinnslu. Önnur mesta skerðing til notenda varð þegar aflspennir á Sauðárkróki leysti út þann 14. ágúst vegna rangra boða frá skynjara í spenni. Truflunin stóð í tæpa fjóra og hálfan tíma. Alvarleg truflun varð í

TRUFLANIR





Unnið að viðgerð á línunni um Dalaskarð og út á Dalatanga sem skemmdist í miklu ísingarveðri í byrjun janúar.

aðveitustöð við Ólafsvík þann 17. desember en í kjölfar endurtekens skammhlaups í dreifilínu sprakk innkomandi 19 kV aflrofi í stöðinni. Víða voru bílanir vegna veðurs á svæðinu á þessum tíma. Straumlaust var í tvo og hálfan tíma í Ólafsvík, Rífi og á Hellissandi af þessum ástæðum. Þá varð alvarleg truflun á Raufarhöfn þann 14. desember þegar endabúnaður á 33 kV streng við Raufarhöfn brann í seltuveðri. Viðgerð tafðist vegna veðurs í einn og hálfan sólarhing, en með keyrslu díselvélar á Raufarhöfn tókst að draga verulega úr straumleysi til notenda. Hún annaði þó ekki allri raforkunotkun á svæðinu og stóð truflunin í tæpar 40 klst.

Aðrar truflanir á árinu voru mun minni. Ísingarveður gengu yfir Austurland í byrjun árs sem ollu m.a. skemmdum á línunni til Mjóafjarðar og Dalatanga. Viðgerð tók langan tíma þar sem erfitt aðgengi var að bílanastöðum en straumleysi til notenda var mjög takmarkað þar sem díselvélar eru á Brekku og á Dalatanga. Um miðjan desember gekk yfir slæmt veður sem olli hrinu truflana víða um land. Nokkrum þeirra fylgdi þó nokkur skerðing til notenda, en flestar stóðu þó ekki lengur en nokkrar klukkustundir. Þrátt fyrir slæmt veður af og til á árinu urðu þó aðeins staðbundnar truflanir í dreifikerfi RARIK og enn og aftur má fullyrða að truflanir hefðu orðið mun umfangsmeiri ef strengvæðing dreifikerfisins væri ekki eins langt komin og raun ber vitni.

Þyrlla í stað handafis og kláfs

Í byrjun janúar 2014 varð mikið ísingarveður sem skemmdi rafalínuna sem liggur frá Seyðisfirði um Dalaskarð út á Dalatanga en þar er viti og mönnum veðurstöð. Það er ekki á allra færi að komast til viðgerða á línunni út á Dalatanga því hún liggur í erfiðu fjalllendi. Ógerningur er að koma tækjum að henni eftir hefðbundnum leiðum nema með óásættanlegum umhverfisspjöllum. Þegar línan var lögð á sínum tíma var það að mestu gert með höndum og kostaði mikla fyrirhöfn og var þá notaður kláfur til að koma efninu upp í skarðið. Til að hlífa landinu og auðvelda verkið var að þessu sinni gripið til þess ráðs að flytja viðgerðarefnið samsett með þyrllu á staðinn. Verkið var unnið við góðar aðstæður í júlímánuði og gekk vel en þá hafði rafmagn fyrir vitann og veðurstöðina á Dalatanga verið framleitt með díselrafstöð í hálf t.ár.

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI RARIK 2014					
	Eining	Tími	2014	2013	Breyting
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns *	fjöldi	1. jan	50.865	50.606	1%
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu *	fjöldi	1. jan	5.107	4.605	11%
Meðalverð rafmagns **	kr./kWst	yfir árið	6,18	5,76	7%
– þar af þéttbýli	kr./kWst	yfir árið	4,41	4,30	2%
– þar af dreifbýli	kr./kWst	yfir árið	9,21	8,35	10%
Meðalverð heits vatns **	kr./m ³	yfir árið	221	232	-5%
Meðalverð rafmagns, forgangsocka eingöngu					
– þar af þéttbýli	kr./kWst	yfir árið	5,40	5,45	-1%
– þar af dreifbýli	kr./kWst	yfir árið	9,28	8,43	10%
Fjöldi fyrirvaralausra truflana í:	fjöldi	yfir árið	599	521	15%
– þar af háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	396	334	19%
– þar af lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	203	187	9%
Orkudreifing rafmagns	GWst	yfir árið	1.138	1.110	2%
– þar af þéttbýli	GWst	yfir árið	717	711	1%
– þar af dreifbýli	GWst	yfir árið	421	399	5%
Orkusala hita	þús. m ³	yfir árið	2.565	2.301	11%
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað) **	MW	yfir árið	212	242	-12%
Afl dreifitapa rafmagns (uppgjörsafli samlagað)	MW	yfir árið	14	30	-55%
Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	198	212	-6%
Raforkuvinnsla samtals, orka	GWst	yfir árið	60	62	-4%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	31.des	32,0	32	0%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	23,0	23	0%
Heildarorkusala í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	834	774	8%
Aðveitustöðvar	fjöldi	31.des	51	52	-2%
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	MVA	31.des	598	593	1%
Fjöldi dreifistöðva	fjöldi	31.des	5.609	5.524	2%
Uppsett spennaafli í dreifistöðvum	MVA	31.des	730	692	5%
66 kV jarðstrengir	km	31.des	3	3	0%
33 kV jarðstrengir	km	31.des	202	202	0%
6-22 kV jarðstrengir	km	31.des	4.416	4.127	7%
33 kV loftlínur	km	31.des	127	136	-7%
6-22 kV loftlínur	km	31.des	3.967	4.195	-5%
Sæstrengir	km	31.des	15	15	0%
Háspennu dreifikerfi samtals	km	31.des	8.730	8.678	1%
Lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	31.des	1.426	1.313	9%
Strengskápar, háspenna	fjöldi	31.des	288	250	15%
Strengskápar, lágspenna	fjöldi	31.des	11.131	10.643	5%
– strengskápar samtals			11.419	10.893	5%
Heimtaugar, rafmagn	km	31.des	2.886	2.656	9%
Lágspennu dreifikerfi samtals	km	31.des	4.312	3.969	9%
Heildarlengd hitaveitulagna	km	31.des	231	231	0%
Heimtaugar, rafmagn	fjöldi	31.des	29.984	29.118	3%
Heimæðar, heitt vatn	fjöldi	31.des	1.985	1.985	0%
Rafmagn – veitur/mælar	fjöldi	31.des	41.375	41.375	0%
Heitt vatn – veitur/mælar	fjöldi	31.des	2.213	2.213	0%
Ljósastaurar	fjöldi	31.des	16.091	15.994	1%
Orkunotkun ljósabúnaðar í götulýsingu	kWst	31.des	9.191.857	8.631.694	6%
Fastir starfsmenn hjá RARIK og dótturfélögum í árslok	fjöldi	31.des	192	196	-2%
– þar af Orkusalan	fjöldi	31.des	11	13	-15%
– þar af RED	fjöldi	31.des	1	1	0%
Fjöldi ársverka	fjöldi	yfir árið	194,5	201	-3%

Skýringar: *Í samræmi við Hagstofuna miðast mannfjöldi ársins nú við 1.jan. en var áður 31.des. **Meðalverð rafmagns er meðalverð fyrir dreifingu og flutning rafmagns fyrir alla orku (forgangsocku og ótrygga orku). Fastagjald er innifalið í meðalverði. Dreifbýlisframlag er innifalið í meðalverði árið 2014 en ekki 2013. Verðið er án vsk.

1.700 metra djúp tilraunavinnsluhola var boruð við Hoffell í Hornafirði.



HITAVEITUR

Þann 1. nóvember 2013 var ný hitaveita tekin í notkun á Skagaströnd og þá um haustið tengdust um 90 viðskiptavinir hitaveitunni. Á árinu 2014 hélt viðskiptavinum áfram að fjölga og í árslok 2014 höfðu 183 hús eða um 80% húsa tengst hitaveitunni. Mesta vatnsálag til Skagastrandar var 13 lítrar á sek. sem eru um 1,8 MW.

Hitaveitan á Skagaströnd fær, eins og hitaveitan á Blönduósi, vatn frá Reykjum. Í janúar var tekin í notkun ný 1000 m djúp hola á Reykjum sem boruð var á haustmánuðum 2013 til að mæta auknu álagi vegna Skagastrandar. Jafnframt var unnið við undirbúning og hönnun á nýju stjórnhúsi, stjórnbúnaði og miðlunargeymi á Reykjum.

Á Hoffelli var haldið áfram jarðhitaleit fyrir fjarvarmaveituna á Höfn í Hornafirði. Þann 13. desember lauk borun á 1686 m djúpri holu sem fékk heitið HF-2. Borun holunnar gekk vel en aðstæður til borunar eru erfiðar á þessu svæði sökum þess hve bergið er hart. Með holunni er staðfest rúmlega 80 gráðu heitt jarðhitakerfi á tæplega 1700 m dýpi. Á hinn bóginn voru engar vatnsæðar sem tekur að nefna skornar þannig að hún bætir engu við fyrri vatnsöflun sem komin var með holu HF-1 sem gefur 15–20 lítra á sek. Vatnspörfin fyrir Höfn og nágrenni er allt að 80 lítrar á sek. Næsta skref er frekari kortlagning á sprungukerfi svæðisins með borun á fleiri hitastigulsholum, áður en ákvörðun verður tekin um frekari borun á vinnsluholum.

Til að kanna möguleika á orkuöflun fyrir fjarvarmaveituna á Seyðisfirði var ákveðið að fá ÍSOR til að yfirfara gögn sem til eru um jarðhitaleit í Seyðisfirði og kanna stöðuna á fyrirliggjandi hitastigulsholum. ÍSOR tók saman skýrslu þar sem kemur fram að vísbendingar eru um jarðhita í Seyðisfirði. Til að kanna það frekar er ráðlagt sem næsta skref að bora allt að sex hitastigulsholum til að fá yfirlit yfir stærra svæði.

Í kyndistöðinni á Höfn varð talsvert tjón á rafbúnaði dagana 5. og 9. maí vegna spennuhækkunar frá Landsneti. Brunnu þar dælur, reglar, tíðnibreytar og stjórnbúnaður.

Ótryggð raforka til olúkatla fjarvarmaveitna á Höfn og á Seyðisfirði var skert talsvert á árinu. Alls var olúnotkun vegna stöðvunar á raforkuafhendingu um 700 þúsund lítrar og var kostnaður vegna olúkaupa um 90 milljónir króna.



STARFSEMIN

Neyðarstjórn

Um miðjan ágúst jukust jarðskjálftar í Bárðarbungu til muna og þann 16. ágúst lýsti ríkislögreglustjóri yfir óvissustigi vegna yfirvofandi hættu á eldgosi í Bárðarbungu. Eldgos í Bárðarbungu getur orsakað hamfaraflóð sem ógna byggðum svæðum og töldu jarðvísindamenn mestar líkur á að hamfaraflóð færi í Jökulsá á Fjöllum. Óttast var að vegasamband milli Norður- og Austurlands myndi rofna og að jafnvel væri hættu á að allar brýr yfir Jökulsá á Fjöllum tæki af. Á grundvelli þessa hættumats var Neyðarstjórn RARIK virkjuð og tekin sú ákvörðun að styrkja varaafli á Norðausturlandi með færanlegum varavélum í eigu fyrirtækisins þar sem líkur voru á að flutningslína Landsnets til Kópaskers yrði fyrir skemmdum í Öxarfirði. Þessi flutningslína er eina tenging Norðausturlands við landskerfið og ef hún rofnar er framleiðsla með díselvélum eina lausnin til að anna raforkuþörf svæðisins. Fast varaafli RARIK á þessu svæði er 1 MW á Raufarhöfn, 2 MW á Þórshöfn og 0.7 MW á Bakkafirði en á Kópaskeri er ekkert fast varaafli. Samtals er fast varaafli 3,7 MW, en aflþörf svæðisins er nálægt 7 MW. Að öllu jöfnu eru færanlegar varavélar RARIK staðsettar víða um landið til að flýta því að koma vélum á þá staði sem þörf er á hverjum tíma. Vegna hættu á að vegasamband yfir Jökulsá á Fjöllum rofnaði í hamfaraflóði var ákveðið að flytja fjórar færanlegar varavélar með samtals 2,8 MW aflgetu á Norðausturland þann 20. ágúst. Þrjár voru settar upp á Þórshöfn og ein á Kópaskeri. Með þessu er hægt að anna nánast allir forgangsorku á svæðinu komi til þess að flutningslína til Kópaskers rofni.

Þegar eldgos hófst í Holuhrauni í byrjun september voru gerðar þrjár sviðsmyndir á vegum Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra um áhrif og útbreiðslu flóða ef gosið færðist undir jökul. Sviðsmynd 1 var hamfaraflóði í Jökulsá á Fjöllum, sviðsmynd 2 var

Neyðarstjórn RARIK var virkjuð í aðdraganda eldgossins í Holuhrauni og tók virkan þátt í að meta með Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hugsanleg áhrif flóða á flutnings- og dreifikerfi raforku.

Færanlegar varaafvlélar á Þórshöfn í ágúst 2014.



Varnarliðar prófaðir.





hamfarafloð á Þjósársvæðinu og sviðsmynd 3 flóð í Skjálfandaflijóti. Sviðsmynd 1 er enn talin líklegasta atburðarásin. Neyðarstjórn RARIK tók virkan þátt í undirbúningi sviðsmynda með Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra en með sviðsmyndunum var reynt að greina hvaða áhrif hugsanleg flóð hefðu á flutnings- og dreifikerfi raforku og til hvaða mótvægisáðgerða væri hægt að grípa. Niðurstaða neyðarstjórnar RARIK var að sviðsmyndir 2 og 3 hefðu aðeins staðbundin áhrif á dreifikerfi RARIK sem ekki væri ástæða til að vera með neinar fyrirbyggjandi mótvægisáðgerðir gagnvart, aðrar en þær að vera viðbúin því að aftengja þá kerfishluta sem færu undir vatn þegar atburður væri kominn í gang. RARIK hafði þá þegar farið í nauðsynlegar mótvægisáðgerðir við sviðsmynd 1 með flutningi færanlegra varavéla á Norðausturland. Gerð var grein fyrir þeim þörfum sem RARIK taldi sig verða að hafa aðgang að, svo sem fjarskiptum, vegasambandi, aðgangi að eldsneyti, vinnuvélum, birgðum og þess háttar, auk varahluta til reksturs fyrir díselvélar. Aukið var við staðlaðar persónuhlífar fyrir starfsmenn með kaupum á gasgrímum til að verjast brennisteinsdísoxíði (SO₂) en mikið af þeirri gastegund hefur fylgt eldgosinu og útbreiðsla þess stundum veruleg eftir vindáttum.

NSR (Neyðarsamstarf raforkukerfisins) sem samanstendur af fulltrúum neyðarstjórna orkuveitnanna hittist reglulega á árinu og fór yfir stöðu sviðsmynda og undirbúning viðbúnaðarstigs hjá veitunum. Á vegum þess var haldinn þýðingarmikill fundur með

STARFSMANNAFJÖLDI RARIK SAMSTÆDUNNAR

1995–2014





sérfræðingum í jarðfræði, veðurfræði og fjarskiptum þar sem ræddar voru hugsanlegar afleiðingar eldgosa undir jökli er varðar ösku, straumvatn með jakaburði og hraunflóði. Neyðarsamstarf raforkukerfisins NSR hefur vaxið mjög á undanförunum árum og verið kallað saman vegna æfinga og viðbragða við eldgosum undanförunum ár með góðum árangri.

Upplýsinga- og tölvukerfi

Meginupplýsingakerfi RARIK er í sýndarumhverfi í tölvusal að Dvergshöfða 2 og tengjast allar skrifstofur og starfsstöðvar um IP- og ADSLnet símafyrirtækjanna.

Haldið var áfram að uppfæra megininnviði nettenginga og lokið var við uppsetningu þráðlauss nets á allar starfsstöðvar og stækkun miðlæga gagnakerfisins. Jafnframt var hafin uppsetning nettenginga í bíla fyrirtækisins í gegnum 3G/4G tengingar. Innleitt var nýtt afritunarkerfi sem auk þess að auka öryggi gagna, einfaldar einnig stjórnun gagnavörslu og afritunar.

Á árinu var gert sérstakt átak í upplýsingaöryggismálum og verður áfram lögð áhersla á það út árið 2015 þótt það verk sé viðvarandi og stöðugt í endurskoðun. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis var innleitt og var mikil vinna tengd mótun þess og skipulagi. Árið var fyrsta heila starfsárið þar sem unnið er eftir stjórnkerfi upplýsingaöryggis til að uppfylla kröfur FME. Úttekt KPMG var gerð á kerfinu á árinu og staðfesti hún góða stöðu þess þótt ljóst sé að áfram þurfi að vinna að ýmsum verkferlum og ítarlegri innleiðingu þess á næstu misserum.

Ný handbók RARIK

Á árinu var unnið að endurútgáfu Handbókar RARIK í nýju viðmóti á innri vef fyrirtækisins. Eldra viðmót handbókarinnar var komið til ára sinna og í samvinnu við Spekra ehf var hannað nýtt útlit í SharePoint sem jafnframt bauð upp á ýmsar nýjungar í viðmótinu sjálfu. Þann 8. október 2014 fór Handbókin „í loftið“, en áfram er unnið að frekari útfærslu hennar.

Helstu nýjungar eru mun aðgengilegra viðmót fyrir notendur sem meðal annars felur í sér að strax á forsiðu bókarinnar eru mun fleiri upplýsingar en áður. Leitin í nýju

STARFSMENN OG ÁRSVERK				
	RARIK	Orkusalan	RED	Samtals
Ársverk	181	12,5	1	194,5
Starfsmenn	180	11	1	192

Á árinu var byrjað að samræma útlit og merkingar á bílaflota RARIK.



handbókinni er mjög fullkomin og betri í öllum tegundum skjala en áður. Leitin gefur forsmekk að innihaldi skjala án þess að opna þurfi hverja síðu og gefur möguleika á að sía niðurstöður leitar eftir tegundum skjala, ábyrgðarmanni, skjalagerð og/eða hversu langt er síðan skjali var breytt svo dæmi séu tekin.

Eftir sem áður er hægt að sía skjöl handbókarinnar eftir ýmsum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi fyrirtækisins auk staðla um gæðastjórnun, umhverfisstjórnun og öryggisstjórnun. Nýjum stöðlum var bætt við á árinu, annars vegar staðli um upplýsingaöryggi en hins vegar staðli um eignastjórnun.

Samhliða endurútgáfu handbókarinnar í nýju viðmóti var áfram unnið að efni hennar. Helstu nýjungar snúa að skjalfestingu á stjórnkerfi upplýsingaöryggis og áhættumati upplýsingakerfa, skjalfestingu á áhættuþáttum í starfsemi RARIK og skjalfestingu á ýmsu verklagi er snýr að afstemmingum, útreikningum á rafveitueftirlitsgjaldi og innheimtu niðurgreiðslna svo fátt eitt sé nefnt.

Nýtt útlit bifreiða RARIK

Á síðasta ári var byrjað að samræma útlit og merkingar á bifreiðaflota RARIK. Nýtt útlit tekur mið af merki félagsins bæði hvað varðar liti og mynstur. Haldið verður áfram að innleiða þessar nýju merkingar eftir því sem flotinn er endurnýjaður eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. RARIK á og rekur rúmlega 70 bifreiðar sem flestar eru sérstaklega útbúnar til að sinna hlutverki sínu við rekstur dreifikerfisins.

Til að einfalda skilgreiningu á bifreiðum sem RARIK kaupir hefur farið fram þarfa- greining sem skiptir bílunum í þrjá flokka eftir notkun. Í fyrsta lagi er um að ræða óbreytta bíla sem ætlaðir eru til notkunar innanbæjar. Í öðru lagi eru bílar fyrir vinnuflokka sem hafa verið innréttaðir og aðlagðir sérstaklega til notkunar við viðhald og nýframkvæmdir. Þessir bílar eru á allt að 35" dekkjum og hefur verið breytt í samræmi við þá dekkjastærð. Í þriðja flokknum eru síðan meira breyttir bílar á 38" (eða stærri) dekkjum sem ætlaðir eru í alhliða notkun þar sem aðstæður og færð geta verið mjög krefjandi og erfiðar og þar sem nauðsynlegt er að menn geti tekið með sér mikinn búnað.

Flotastýringakerfi

Á árinu var upplýsingakerfi fyrir bílaflota sett í bifreiðar RARIK. Markmiðið er að stuðla að bættu aksturslagi og lækka rekstarkostnað með minni eldsneytisnotkun og að ná fram minna sliti á ökutækjum og lægri tjónatíðni. Með flotastýringakerfinu

næst yfirsýn yfir alla notkun bílaflorens og aukin kostnaðarvitund starfsmanna. Annars staðar þar sem slík kerfi hafa verið tekin í notkun hefur náðst umtalsverður sparnaður í eldsneytiseyðslu og viðhaldskostnaði og endursöluverðmæti hefur aukist.

Hús á vinnubíla

Fyrirtækið Rafnar hefur í samstarfi við RARIK þróað nýja gerð pallhúsa úr trefjaplasi á vinnubíla fyrirtækisins. Þessi nýju pallhús, sem notuð eru undir verkfæri og annan búnað sem nauðsynlegur er við viðhald og uppbyggingu dreifikerfisins, eru mun léttari en eldri hús. Því nýtist burðargeta bifreiðanna betur en áður án þess þó að styrkleiki þeirra sé minni. Þetta samstarf hefur leitt til kaupa á 10 pallhúsum sem sniðin eru að þörfum RARIK fyrir vinnubifreiðar.



Nýja húsið sem Rafnar þróaði í samstarfi við RARIK er mun léttara en eldri pallhús.

Starfsmannamál

Námskeiðahald var með hefðbundnum hætti á nýliðnu ári og var lögð áhersla á skyndihjálp. Sérstakt fallvarnarnámskeið var haldið í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur. Meginþema þess var kennsla á ný öryggisbelti við vinnu í staurum og búnað sem er ætlaður til notkunar við björgun manna úr staurum. Mikil gróska var í efniskynningum, sérstaklega á efnum sem tengjast jarðstrengjum. Allt þetta hefur skilað aukinni fagþekkingu starfsmanna, faglegum vinnubrögðum og auknu öryggi í starfsumhverfi fyrirtækisins.

Öryggismál

Árlega er þriðjungur öryggisstjórnunarkerfis RARIK tekinn út af skoðunarstofu og er þessari yfirferð lokið. 2015 hefst ný viðhaldsskoðun kerfisins sem lýkur 2017. Auk þess er tekið úrtak úr potti um ný og breytt virki og úrtak þeirra skoðana sem starfsmenn fyrirtækisins unnu á fyrra ári. Niðurstöður úttekta um ný og breytt virki voru góðar og fara batnandi með hverju ári. Þar er helst að þakka Stöðlunarhandbók, sem rekstrarsvið gaf út fyrir nokkrum árum. Niðurstöður úrtaksskoðana skoðunarstofu á skoðunum starfsmanna RARIK á kerfum í rekstri voru ekki í samræmi við væntingar og er unnið að úrbótum.

Breytingar voru gerðar á árinu á utanumhaldi og umsýslu með öryggistækjum. Nú er það á hendi heimamanna að fylgjast með ástandi öryggistækja og verkfæra en undir umsjón öryggisfulltrúa. Fundir voru haldnir með svæðisráðum og lykilmönnum um þessar breytingar þar sem málaflokkurinn var kynntur og ræddur og góðar tillögur teknar til vinnslu. Á næstu árum mun öryggisfulltrúi fara í úttekt á u.þ.b. fjórðungi öryggistækja og búnaðar á hverju svæði á hverju ári þannig að yfirferð ljúki á fjórum árum.

Minjamál

Minjanefnd RARIK hélt nokkra fundi á árinu, haldið var áfram skráningu muna í Sarp og að tengja við þær ljósmyndir. Nú þegar hafa verið skráðir um fjögur þúsund munir í kerfið og um helmingur þeirra ljósmyndaður. Munir RARIK eru varðveittir á Sauðárkróki, Seyðisfirði og í Ólafsvík.

Sarpur er hugbúnaður sem flest söfn nota til að skrá gögn sín um minjar og auðveldar mjög aðgengi að þeim. Notkun þess er einföld, fyrst er valið safn sem leita á í, síðan flokkur þess sem leitað er að og loks slegið inn eftir hverju er leitað.

Á árinu var gamla aðveitustöðin á Siglufirði tekin niður og rafbúnaði hennar komið fyrir í Síldarminjasafninu. Jafnframt endurnýjaði Orkusalan rafbúnað í Grímsárvirkjun og var bæði háspennu- og lágspennubúnaður fluttur til Seyðisfjarðar þar sem Tækniminjasafn Austurlands tekur við honum til varðveislu.

Við Nemrutfjall í austur Tyrklandi.



RARIK ORKUÞRÓUN EHF.

Árið 2014 var sjöunda rekstrarár RARIK Orkuþróunar ehf. sem er dótturfélag RARIK ohf. og heldur utan um ráðgjafar- og þróunarverkefni RARIK á samkeppnismarkaði hér heima og erlendis. Erlent heiti félagsins er RARIK Energy Development Ltd. og gengur það undir nafninu RED í daglegri umfjöllun.

Verkefni innanlands

Sjávarorka ehf.

Straummælingar í Hvammsfirði héldu áfram sumarið 2014. Tilgangur mælinganna 2013 og 2014 var að kanna möguleika á að ráðast í tilraunavirkjun sem næst Stykkishólmi, gera markvissar mælingar á Röstinni og fara í frekari kvörðun á líkaninu sem lokið var við 2008. Niðurstöður sýndu að aðstæður fyrir tilraunavirkjun eru ekki eins góðar og væntingar stóðu til en frekari þróun á hverflum getur breytt þessum möguleikum. Straummælingar benda til að mesti meðalhraði yfir mælt svæði sé minni en reiknað var með út frá straummódeli. Mikill órói og iður eru í Röstinni á útfalli en rólegra á aðfalli.

Á árinu var samþykkt að auka hlutaféð og var hluthöfum gefinn kostur á að auka hlutafé sitt. Fyrir aðalfund 2015 verður gengið frá breytingu á eignahlutum í Sjávarorku ehf. vegna aukningarinnar og verður breytingin lögð fyrir eigendur á aðalfundinum.

Að undanförunu hefur verið unnið fyrir Orkusöluna að ýmsum verkefnum við nýja virkjanakosti. Um er að ræða athugun á mögulegum staðsetningum vindlunda, athugun á nýjum vatnsaflsvirkjunarkostum svo og athugun á nýtingu jarðvarma til raforkuframléiðslu.

Verkefni erlendis

RARIK Turkison Enerji Ltd. - RTE

Í september 2013 var undirritaður samningur á milli RARIK Turkison Enerji (RTE), félags sem er í meirihlutaeigu RED og einnig í eigu EFLU verkfræðistofu, og tyrkneska orkufyrirtækisins Zorlu Enerji AS um virkjun jarðvarma við fjallið Nemrut í Austur-Tyrklandi. Stofnað var nýtt fyrirtæki, Nemrut Jeotermal Elektrik Üretimi AS (NJE), í eigu Zorlu og RTE. Það mun annast frekari rannsóknir á svæðinu og síðan boranir vegna jarðvarmavirkjunar sem ætlað er að framleiði allt að 100-150 MWe af rafmagni og leggi til heitt vatn fyrir hitaveitur og fyrirtæki á svæðinu.

Kanadíska fyrirtækið Quantec sem annaðist MT og TEM viðnámsmælingar fyrir NJE í Nemrut skilaði skýrslu í byrjun árs með samantekt yfir niðurstöður til bráðabirgða sem lofa nokkuð góðu.

Í apríl var undirritaður rammasamningur um ráðgjöf EFLU og RED fyrir NJE. Þar er m.a. gert ráð fyrir að EFLA hafi umsjón með ráðgjafarvinnu enda hefur fyrirtækið réttindi og tryggingar sem nauðsynlegar eru. Einnig var undirritaður samningur um fyrsta áfanga ráðgjafarþjónustunnar sem felst í að yfirfara mæligögnin frá Quantec og útbúa 1D og 3D módel af jarðhitakerfinu í Nemrut ásamt tillögum um boranir. Með EFLU í þessu verki eru ÍSOR og bandaríska fyrirtækið Geologica. Þessi samningur er viðauki við rammasamninginn og svo verður einnig með önnur ráðgjafarverk sem unnin verða.

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að stofnsetja nýtt eignarhaldsfélag í Hollandi sem taka á við af RTE. Eftir stofnun fyrirtækisins er fyrirhugað að flytja eignarhluti RTE (25%) í NJE yfir í hið nýja fyrirtæki í Hollandi. Jafnframt verður RTE lagt niður í samráði við lögfræðing okkar í Tyrklandi.

Gangi allt að óskum og verði árangur borana í Nemrut góður mun nýja fyrirtækið NJE ráðast í virkjunarframkvæmdir á svæðinu. Fjárfesting RED/EFLU í Tyrklandi mun þá skila sér að fullu til baka og tekjur skapast vegna vinnu við undirbúning og framkvæmdir og góður arður verða til ef fram fer sem horfir.

ORKUSALAN EHF.

Hlutverk Orkusölnunnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan leggur áherslu á samkeppnishæft verð, einfalda þjónustu og jákvæða þjónustuupplifun.

Stefna Orkusölnunnar er að bæta lífskjör almennings með því að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Orkusalan byggir á einfaldri þjónustu á hagstæðu verði.

Gildi Orkusölnunnar eru fagmennska, liðsandi, hugrekki og gleði.

Grímsárvirkjun. Framleiðsla virkjana Orkusölnunnar var 273 GWst. og hefur aldrei verið meiri.



Árið 2014 var áttunda heila starfsár Orkusölnunnar ehf. en hún er dótturfyrirtæki í 100% eigu RARIK, og er tilgangur hennar fyrst og fremst að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum 2005, var sala á raforku gefin frjáls í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næstmestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði auk þess að eiga og reka fimm virkjanir víða um land. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 11 í árslok 2014.

Afkoma ársins

Rekstrartekjur ársins voru 4.524 m.kr. og rekstrargjöld 3.561 m.kr. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam því 963 m.kr. EBITDA hlutfall ársins 2014 var 25,6%. Hrein fjármagnsgjöld námu 131 m.kr. og að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og skatta er hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi 672 m.kr. samanborið við 561 m.kr. á árinu 2013.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2014 voru heildareignir 11.243 m.kr. Heildarskuldur voru 4.011 m.kr. og eigið fé 7.233 m.kr. Eiginfjárlutfall Orkusölnunnar er 64,3%.

Hagnaður ársins var um 70 m.kr. umfram áætlun en afkoma fjármagnsliða var mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Á árinu voru 12,5 ársverk hjá Orkusölnunni samanborið við 13,7 á árinu 2013. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 1,7% á milli ára.

Framleiðsla og innkaup

Heildarmarkaður Orkusölnunnar á árinu 2014 var um 1 TWst. Á árinu 2014 bauð Landsvirkjun áfram svokallaða jafnorku á samkeppnishæfu verði og árið áður ásamt ívilnun á afli sem gerði kaup á forgangsorku áfram hagstæð auk þess sem möguleiki var að selja loðnubræðslum raforku á samkeppnishæfu verði. Jafnorka til húshitunar bauðst einnig áfram til skilgreindra aðila með rafhitun. Vegna þessa voru orkukaup Orkusölnunnar áfram óvenju hagstæð á árinu 2014.

Framleiðsla virkjana Orkusölnunnar var 273 GWst og hefur hún aldrei verið meiri. Spá um markað Orkusölnunnar 2014 reyndist mjög góð og var frávikið aðeins um 0,8%.

Nýstárlegar auglýsingar Orkusölnunnar hafa vakið eftirtekt og aukið vitund viðskiptavina um fyrirtækið.

Nær öll orkuöflun umfram eigin framleiðslu á árinu 2014 kom frá Landsvirkjun en hlutur smærri framleiðanda var einungis um 14 GWst.



Endurnýjuð og stækkuð Rjúkandavirkjun var gangsett í mars 2014. Rekstur virkjunarinnar hefur almennt gengið vel en þó hafa komið upp vandamál tengd legum rafala. Þrátt fyrir það hefur Rjúkandavirkjun aldrei framleitt meiri raforku en árið 2014 eða 11 GWh.

Á árinu urðu engar stórvægilegar bilanir í virkjunum Orkusölunnar og almennt litlar truflanir á rekstri.

Grímsárvirkjun - endurnýjun

Í maí 2014 var Grímsárvirkjun stöðvuð og tekin úr rekstri vegna endurnýjunar. Endurnýjaður var allur rafbúnaður nema rafali og spennir en vatnsvélin var öll tekin upp og lagfærð.

Samið var við GUGLER Water Turbines í Austurríki um endurnýjun á stjórn og varnarbúnaði ásamt gangráð og segulmögnun, við Rafey á Egilsstöðum um endurnýjun raflagna og töfluskápa og VHE um endurnýjun vatnsvélar.

Hönnun og útböð var í höndum Verkís en eftirlit var í höndum EFLU.

Prófanir á endurnýjaðri virkjun, sem gerðar voru í lok árs, gengu ekki sem skyldi og þurfti að taka vatnsvél virkjunarinnar aftur í sundur. Vegna þessa stóðust áætlanir um gangsetningu ekki á árinu 2014 og er gert ráð fyrir að Grímsárvirkjun verði komin í fullan rekstur í febrúar 2015.

Orkuvinnsla Grímsárvirkjunar kemur ekki til með að breytast en aftur á móti skapar endurnýjunin hagræði í rekstri þar sem eftirlit og stjórnun virkjunarinnar eru gerð sjálfvirk.

Hólmsárvirkjun

Á árinu hélt Orkusalan áfram undirbúningi vegna virkjunar Hólmsár í Vestur-Skaftafellssýslu í samstarfi við Landsvirkjun. Orkusalan er með helmings hlutdeild í virkjun Hólmsár á móti Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl virkjunarinnar verði um 65 MW. Þá er gert ráð fyrir að stærsti hluti þeirrar orku sem Orkusalan aflar frá virkjuninni fari á almennan markað.

Verkefnisstjórn 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlunar) kynnti drög að tillögu sinni um flokkun virkjunarkosta í sérstakri áfanga-skýrslu í lok árs 2013.


Í viðauka við erindisbréf verkefnisstjórnar beindi umhverfis- og auðlindaráðuneytið þeim tilmælum til hennar að forgangsraða vinnu sinni þannig að hún framkvæmdi, eins fljótt og auðið er, faglegt mat á tilteknum þáttum varðandi átta virkjunarkosti. Einn af þessum kostum var Hólmsárvirkjun neðri við Atley sem fékk ekki fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar skv. viðauka erindisbréfsins.

Í þeim drögum sem nú liggja fyrir kemur fram að hvað Hólmsárvirkjun neðri við Atley varðar taldi verkefnisstjórn nægjanleg grunn gögn liggja fyrir til að unnt væri að ljúka mati virkjunarkostsins. Þó að engin gögn hafi skort er það þó niðurstaða verkefnisstjórnar að framkvæma ekki þetta mat gagnvart Hólmsárvirkjun neðri við Atley. Orkusalan hefur ítrekað harmað þá niðurstöðu, nú síðast við atvinnuveganefnd Alþingis.

Þá hefur Orkusalan jafnframt óskað eftir því að við frekari vinnu rammaáætlunar muni verkefnisstjórn forgangsraða vinnu sinni þannig að rökstutt mat á röðun Hólmsárvirkjunar neðri við Atley í rammaáætlun verði lokið sem fyrst.



Horft upp frá rafala Grímsárvirkjunar.



„Orka fyrir Ísland – raforkusala um allt land“ var yfirskrift auglýsinga Orkusölnnar.

Sala og markaðsmál

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp ímynd Orkusölnnar sem nýtt, ferskt og leiðandi fyrirtæki á raforkumarkaði. Fyrirtækið hefur á þessum tíma farið fram með nýstárlegar auglýsingar sem bæði hafa vakið eftirtekt og aukið vitund viðskiptavina um fyrirtækið. Á árinu var því starfi fram haldið og ímynd Orkusölnnar áfram styrkt með áherslu á aukna vitund um fyrirtækið. Haldið var áfram með nýja auglýsingaherferð þar sem athyglinni var beint að Íslandi og að stærð, umfangi og getu Orkusölnnar til raforkusölu undir yfirskriftinni „Orka fyrir Ísland – raforkusala um allt land“.

Á árinu fékk Orkusalan Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, sem veitt eru af ÍMARK fyrir opunaratriði Vetrarhátíðar sem var valið besti viðburðurinn. Þá voru upphitið strætóskýli Orkusölnnar, Sólskýli og Skúmasket, jafnframt tilnefnd til íslensku auglýsingaverðlaunanna fyrir bestu umhverfisauglýsinguna.

Farsælu samstarfi Orkusölnnar við Stúdentaráð Háskóla Íslands var framhaldið á árinu 2014. Á árinu var einnig tekið upp samstarf við Listaháskóla Íslands en Orkusalan tryggir stúdentum beggja skólanna m.a. hagstætt verð á rafmagni á námsárunum.

Orkusalan var einn af aðalbakhjörllum tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður og lagði þannig sitt af mörkum til að tryggja fastan sess hennar meðal landsmanna. Einnig tók Orkusalan þátt í Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi síðastliðið haust og vakti sýningarbás Orkusölnnar verðskuldaða athygli en hann var innréttaður sem verbúð frá áttunda áratug síðustu aldar.

Þá var Orkusalan, eitt raforkusöluvyrirtækja, í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi að mati Creditinfo á árinu 2014, þriðja árið í röð, en einungis um 1% fyrirtækja á Íslandi kemst í þann hóp.

Alla þessa þætti má rekja til þess markmiðs Orkusölnnar að halda áfram að byggja upp sterkt sambandi við viðskiptavinina sína með aukna þjónustu að leiðarljósi. Árangur Orkusölnnar af þessu starfi hefur skilað aukinni vitund og jákvæðu viðhorfi til fyrirtækisins og áframhaldandi fjölgun nýrra viðskiptavina, sem hafa aldrei verið fleiri en í dag.

Orkusalan tók sem fyrr þátt í ýmsum verkefnum með viðskiptavininum sínum enda er fyrirtækinu annað um umhverfi sitt og samfélag. Þar má meðal annars nefna íþróttafélög, félagasamtök og fjölbreytta viðburði sem tengjast viðskiptavinum Orkusölnnar.

Horfur

Horfur í rekstri Orkusölnnar eru áfram góðar og reksturinn er traustur. Gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) ársins 2015 verði 1.201 m.kr. og EBITDA hlutfallið um 23,5%. Er það í samræmi við markmið stjórnar Orkusölnnar. Áætluð afkoma Orkusölnnar fyrir rekstrarárið 2015 er um 662 m.kr sem er sambærileg afkoma og árið 2014.

Þá er ljóst að sú óvissa sem enn ríkir um afdrif Hólmsárvirkjunar í áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) mun veikja og hafa skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu Orkusölnnar. Hún setur jafnframt áform fyrirtækisins um orkuöflun fyrir almennan markað í uppnám enda er Hólmsárvirkjun eini virkjanakosturinn sem Orkusalan er með í vinnslu. Það leiðir til þess að Orkusalan þarf í framtíðinni að byggja orkuöflun sína m.a. á framleiðslu helstu keppinautanna á markaðinum komi ekki eitthvað nýtt til.

EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS 2014

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	30
Áritun endurskoðenda	31
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014	32
Efnahagsreikningur 31. desember 2014	33
Eiginfjáryfirlit árið 2014	34
Sjóðstremisýfirlit ársins 2014	35
Skýringar	37-57

VIÐAUKAR

	Bls.
Yfirlýsing um stjórnarhætti	58
English summary	61

Athugið! Sá reikningur sem hér birtist er eftirprentun og því er ekki hægt að útiloka ritvillur. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.



SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Rarik ohf. var stofnað 1. ágúst 2006 og tók yfir rekstur og eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Fyrirtækið annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Orkusalan ehf., Rarik orkuþróun ehf. og Ljós og gagnaleiðari ehf. eru dótturfélög Rarik og alfarið í eigu þess. Orkusalan sér um framleiðslu og sölu rafmagns, Rarik Orkuþróun vinnur að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa og Ljós og gagnaleiðari annast rekstur ljósleiðara.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Rarik ohf. og dótturfyrirtækja. Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar 12.521 milljónum króna, rekstrargjöld 9.513 milljónum króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 3.008 milljónum króna. Fjármagnsgjöld nettó námu 748 milljónum króna. Áhrif hlutdeildarfélagsins Landsnets hf. voru jákvæð um 847 milljónir króna. Hagnaður og heildarhagnaður ársins 2014 að teknu tilliti til tekjuskatts nam 2.661 milljónum króna.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 48.536 milljónum króna í árslok. Eigið fé félagsins nam 29.495 milljónum króna eða 61% af heildareignum. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður á árinu 2015 allt að fjárhæð 310 milljónum króna til hluthafa. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé. Hlutfé félagsins nam 5.000 milljónum króna og er það allt í eigu ríkissjóðs og breyttist fjöldi hluthafa ekki á árinu.

Vísað er til skýringar nr. 23 vegna áhættustýringar samstæðunnar.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik ohf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Starfsreglur stjórnar voru síðast endurskoðaðar í júní 2011. Nánari grein er gerð fyrir stjórnarháttum í sérstökum kafla, sem er hluti af ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2014 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri Rarik ohf. hafa í dag yfirfarið samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni og leggja til við aðalfund félagsins að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 5. mars 2015

Í stjórn Rarik ohf




Birgir Jón Jónsson
formaður



Arnbjörg Sveinsdóttir



Huld Aðalbjarnardóttir



Björgvin G. Sigurðsson



Guðmundur Hörður Guðmundsson



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðun, 5. mars 2015



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Óskar Sverrisson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Raforkusala.....		4.098.583	3.730.930
Dreifing raforku.....		6.990.742	6.564.863
Sala á heitu vatni.....		564.881	532.571
Aðrar tekjur.....	5	<u>866.444</u>	<u>964.203</u>
		<u>12.520.650</u>	<u>11.792.567</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og orkuframleiðsla.....		3.293.411	3.172.647
Rekstur veitukerfa.....		5.028.369	4.708.429
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>1.191.022</u>	<u>1.227.241</u>
	6	<u>9.512.802</u>	<u>9.108.317</u>
Rekstrarhagnaður		<u>3.007.848</u>	<u>2.684.250</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur.....		79.647	308.387
Fjármagnsgjöld.....		<u>(827.758)</u>	<u>(1.175.190)</u>
	9	<u>(748.111)</u>	<u>(866.803)</u>
Hagnaður fyrir áhrif hlutdeildarfélag og tekjuskatt		2.259.737	1.817.447
Áhrif hlutdeildarfélag.....	12	<u>846.880</u>	<u>491.483</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.106.617	2.308.930
Tekjuskattur.....	10	<u>(445.434)</u>	<u>(362.331)</u>
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u>2.661.183</u>	<u>1.946.599</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	19	0,53	0,39
EBITDA og afskriftir			
EBITDA.....		4.718.922	4.299.845
Afskriftir.....	11	<u>1.711.074</u>	<u>1.615.595</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar á bls. 37 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Rekstrarfjármunir	11	41.271.225	40.410.666
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	12	4.323.828	3.476.948
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	25.220	23.156
Fastafjármunir samtals		<u>45.620.273</u>	<u>43.910.770</u>
Birgðir	15	812.136	820.994
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	1.833.943	1.842.533
Handbært fé	17	269.823	212.817
Veltufjármunir samtals		<u>2.915.902</u>	<u>2.876.344</u>
Eignir samtals		<u>48.536.175</u>	<u>46.787.114</u>
Eigið fé			
Hlutafé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		6.756.019	6.756.019
Endurmatsreikningur		11.018.049	11.401.245
Óráðstafað eigið fé		6.720.921	3.986.542
Eigið fé samtals	18	<u>29.494.989</u>	<u>27.143.806</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	20	10.630.391	15.152.699
Skuldbinding vegna niðurrífs	21	669.977	655.823
Tekjuskattsskuldbinding	14	979.432	753.187
Langtímaskuldir samtals		<u>12.279.800</u>	<u>16.561.709</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	22	1.501.576	1.641.873
Tekjuskattur til greiðslu	10	222.417	137.552
Skuldir við lánastofnanir og næsta árs afborganir	20	5.037.393	1.302.174
Skammtímaskuldir samtals		<u>6.761.386</u>	<u>3.081.599</u>
Skuldir samtals		<u>19.041.186</u>	<u>19.643.308</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>48.536.175</u>	<u>46.787.114</u>

Skýringar á bls. 37 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRIÐ 2014

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar til 31. desember 2013					
Eigið fé 1. janúar 2013	5.000.000	6.756.019	11.790.162	1.961.026	25.507.207
Heildarhagnaður ársins				1.946.599	1.946.599
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti..			(388.917)	388.917	
Greiddur arður 0,06 kr á hlut				(310.000)	(310.000)
Eigið fé 31. desember 2013	<u>5.000.000</u>	<u>6.756.019</u>	<u>11.401.245</u>	<u>3.986.542</u>	<u>27.143.806</u>
1. janúar til 31. desember 2014					
Eigið fé 1. janúar 2014	5.000.000	6.756.019	11.401.245	3.986.542	27.143.806
Heildarhagnaður ársins				2.661.183	2.661.183
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti..			(383.196)	383.196	
Greiddur arður 0,06 kr á hlut				(310.000)	(310.000)
Eigið fé 31. desember 2014	<u>5.000.000</u>	<u>6.756.019</u>	<u>11.018.049</u>	<u>6.720.921</u>	<u>29.494.989</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.661.183	1.946.599
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(1.255)	(1.332)
Breyting niðurrifsskuldbindingar	21	(32.817)	(33.014)
Afskriftir	8	1.711.074	1.615.595
Áhrif hlutdeildarfélags	12	(846.880)	(491.483)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9	748.111	866.803
Tekjuskattur	10	445.434	362.331
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		4.684.850	4.265.499
Birgðir, lækkun (hækkun)		8.858	(108.386)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		18.507	(33.333)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(143.622)	113.141
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		4.568.593	4.236.921
Innheimtar vaxtatekjur		51.286	74.961
Greidd vaxtagjöld		(649.031)	(656.554)
Greiddur tekjuskattur		(134.311)	(113.840)
Handbært fé frá rekstri		3.836.537	3.541.488
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(2.574.348)	(3.775.589)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		3.970	9.485
Fjárfesting í öðrum félögum		(2.064)	0
Sala eignarhluta í öðrum félögum og mótekinn arður		0	865
Fjárfestingarhreyfingar		(2.572.442)	(3.765.239)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	18	(310.000)	(310.000)
Ný langtímalán		0	1.000.000
Afborganir langtímalána		(1.181.136)	(1.141.433)
Breyting skammtímaskulda við lánastofnanir		285.854	114.146
Fjármögnunarhreyfingar		(1.205.282)	(337.287)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		58.813	(561.038)
Gengismunur af handbæru fé		(1.807)	(14.602)
Handbært fé í ársbyrjun		212.817	788.457
Handbært fé í lok ársins		269.823	212.817
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Ný langtímalán		0	232.982
Skammtímaskuldir		0	(232.982)

Skýringar á bls. 37 til 57 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EFNISYFIRLIT SKÝRINGA 2014

	Bls.
1. Félagið	38
2. Grundvöllur reikningsskilanna	38
3. Ákvörðun gangvirðis	38
4. Starfsþáttayfirlit	39
5. Aðrar tekjur	41
6. Rekstrarkostnaður	41
7. Laun og launatengd gjöld	41
8. Afskriftir	41
9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	42
10. Tekjuskattur	42
11. Rekstrarfjármunir	43
12. Hlutdeildarfélög	44
13. Önnur félög	44
14. Skatteign/tekjuskattsskuldbinding	44
15. Birgðir	45
16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	45
17. Handbært fé	45
18. Eigið fé	45
19. Hagnaður á hlut	45
20. Vaxtaberandi skuldir	45
21. Skuldbinding vegna niðurrifs	46
22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	47
23. Stýring fjármáalegrar áhættu og fjármálagerningar	47
24. Tengdir aðilar	51
25. Fyrirtæki í samstæðunni	51
26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	52



SKÝRINGAR

1. Félagið

Rarik ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Dvergshöfða 2 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“ og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 5. mars 2015.

Veittar eru upplýsingar um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar í skýringu 26.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, jafnframt sem virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 3.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3 – ákvörðun gangvirðis
- Skýring nr. 14 – skatteign/tekjuskattsskuldbinding
- Skýring nr. 21 – skuldbinding vegna niðurrifs

3. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Rekstrarfjármunir

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir með viðeigandi ávöxtunarkröfu.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

3. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

a. Rekstrarfjármunir, frh.:

Dreifiveita

Rekstrarfjármunir dreifiveitu voru endurmetnir miðað við 31. desember 2012. Endurmatið var unnið af starfsmönnum félagsins. Endurmatið er miðað við endurmatsgrunn eigna félagsins fyrir Orkustofnun. Endurmat eigna dreifiveitu á árinu 2012 nam 3.474 milljónum kr. Óháðir sérfræðingar voru fengnir til að meta hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun með því að meta nýtingarvirði eigna dreifiveitu. Við mat á nýtingarvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar var litið til tekjumarka dreifiveitu sem lýst er í skýringu 26 i). Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var notast við meðaltalsfjármagnskostnaðar 5,01%. Vöxtur tekna dreifiveitu var metinn 0,4%–7,9% árin 2013–2035 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 34% til 44% á spátímabilinu. Gert er ráð fyrir að nýting tekjumarka félagsins sé 100% frá árinu 2017. Ekki voru vísbendingar á virðisrýrnun miðað við framangreindar forsendur.

Virkjanir

Virkjanir samstæðunnar voru endurmetnar miðað við 31. desember 2012 og var endurmatið unnið af óháðum sérfræðingi. Mat tekna félags var byggt á verðum í 12 ára heildsölusamningum Landsvirkjunar. Byggt var á rekstrararkostnaði fyrri ára og hann framreiknaður. Ávöxtunarkrafa var metin 5,5%. Endurmat virkjana á árinu 2012 nam 2.325 milljónum kr.

b. Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

c. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

d. Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

4. Starfspáttayfirlit

Félagið hefur eftirfarandi starfspætti:

Raforkudreifing

Til orkudreifingar telst sá hluti starfseminnar sem er háður sérleyfi um dreifingu rafmagns samkvæmt raforkulögum, án þátttöku í sameiginlegri starfsemi s. s. yfirstjórn.

Raforkusala

Undir raforkusölu fellur sala og framleiðsla raforku.

Annað

Undir annað telst rekstur hitaveitna, kostnaður við yfirstjórn, rekstur stoðeilda, tekjur vegna nýrra viðskiptavina og önnur starfsemi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

4. Starfsþáttayfirlit frh.:

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum samstæðunnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagiöf hennar.

Rekstrarstarfsþættir

	Raforku- dreifing	Raforkusala	Annað	Samtals
Árið 2014				
Tekjur frá viðskiptamönnum	6.990.742	4.098.583	1.431.325	12.520.650
Innri sala	17.979	683.692	136.854	838.525
Tekjur samtals	7.008.721	4.782.275	1.568.179	13.359.175
Rekstrarafkoma starfsþátta	2.114.661	963.022	(69.835)	3.007.848
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(748.111)
Áhrif hlutdeildarféлага				846.880
Tekjuskattur				(445.434)
Hagnaður ársins				<u>2.661.183</u>
Eignir starfsþátta	28.245.740	9.965.206	3.060.279	41.271.225
Óskiptar eignir				7.264.950
Eignir samtals	<u>28.245.740</u>	<u>9.965.206</u>	<u>3.060.279</u>	<u>48.536.175</u>
Óskiptar skuldir				19.041.186
Fjárfestingar	2.039.877	311.860	222.611	2.574.348
Virðisrýrnun	0	0	100.000	100.000
Afskriftir	1.253.612	196.007	161.456	1.611.075
Árið 2013				
Tekjur frá viðskiptamönnum	6.564.863	3.730.930	1.496.774	11.792.567
Innri sala	17.979	683.692	136.854	838.525
Tekjur samtals	6.582.842	4.414.622	1.633.628	12.631.092
Rekstrarafkoma starfsþátta	1.537.662	944.123	202.465	2.684.250
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(866.803)
Áhrif hlutdeildarféлага				491.483
Tekjuskattur				(362.331)
Hagnaður ársins				<u>1.946.599</u>
Eignir starfsþátta	27.460.304	9.849.353	3.101.009	40.410.666
Óskiptar eignir				6.376.448
Eignir samtals	<u>27.460.304</u>	<u>9.849.353</u>	<u>3.101.009</u>	<u>46.787.114</u>
Óskiptar skuldir				19.643.308
Fjárfestingar	2.716.141	327.215	732.233	3.775.589
Afskriftir	1.276.985	190.562	148.048	1.615.595

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

5. Aðrar tekjur		
Aðrar tekjur greinast þannig:	2014	2013
Tengigjöld	350.142	433.434
Seld þjónusta	516.302	530.769
	<u>866.444</u>	<u>964.203</u>
6. Rekstrarkostnaður		
Rekstrarkostnaður greinist þannig eftir eðli kostnaðar:		
Orkuflutningur	1.596.706	1.461.726
Orkukaup	2.975.000	2.814.677
Laun og launatengd gjöld	1.666.682	1.707.456
Afskriftir og virðisrýrnun	1.711.074	1.615.595
Annar kostnaður	<u>1.563.340</u>	<u>1.508.863</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>9.512.802</u>	<u>9.108.317</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.661.000	1.633.705
Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa	175.909	202.535
Önnur launatengd gjöld	250.517	253.146
Áfallið orlof breyting	<u>(69.357)</u>	<u>19.041</u>
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	<u>2.018.069</u>	<u>2.108.427</u>
Laun skiptast þannig:		
Rekstur veitukerfa	950.375	936.119
Orkukaup og orkuframleiðsla	52.969	72.110
Annar rekstrarkostnaður	663.338	699.227
Eignfært á framkvæmdir	<u>351.387</u>	<u>400.971</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>2.018.069</u>	<u>2.108.427</u>
Ársverk	195	201
Laun stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.:		
Laun stjórnna í samstæðunni	11	10
Laun forstjóra	16	16
Laun sex framkvæmdastjóra	87	82
8. Afskriftir		
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskrift rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	1.611.074	1.615.595
Virðisrýrnun, sbr. skýringu 11	<u>100.000</u>	<u>0</u>
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.711.074</u>	<u>1.615.595</u>
Afskriftir og virðisrýrnun skiptast þannig á rekstrarliði:		
Rekstur veitukerfa	1.448.775	1.376.568
Orkukaup og orkuframleiðsla	195.099	190.562
Annar rekstrarkostnaður	<u>67.200</u>	<u>48.465</u>
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.711.074</u>	<u>1.615.595</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2014	2013
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	49.021	74.400
Arðstekjur	0	865
Gengismunur	30.626	233.122
Fjármunatekjur samtals	<u>79.647</u>	<u>308.387</u>
Vaxtagjöld	(640.850)	(649.439)
Verðbætur	(139.938)	(462.891)
Vextir af niðurrifsskuldbindingu	(46.970)	(62.860)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(827.758)</u>	<u>(1.175.190)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(748.111)</u>	<u>(866.803)</u>

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Frestaður tekjuskattur

Tekjuskattur ársins	(223.017)	(224.779)
Gjaldfærður tekjuskattur	(223.017)	(224.779)

Tekjuskattur til greiðslu

Vegna ársins	(222.417)	(137.552)
Tekjuskattur til greiðslu samtals	(222.417)	(137.552)

Tekjuskattur í rekstrarreikningi samtals	(445.434)	(362.331)
--	-----------	-----------

	2014	2013
Hagnaður ársins	2.661.183	1.946.599
Tekjuskattur	445.434	362.331
Hagnaður án tekjuskatts	<u>3.106.617</u>	<u>2.308.930</u>

Afstemming á virku skatthlutfalli

	2014		2013	
Hagnaður ársins		2.661.183		1.946.599
Tekjuskattur		445.434		362.331
Hagnaður án tekjuskatts		<u>3.106.617</u>		<u>2.308.930</u>

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	(621.323)	20,0%	(461.786)
Áhrif hlutdeildarfélagas	(5,5%)	169.376	(4,3%)	98.297
Aðrir liðir	(0,2%)	6.513	(0,1%)	1.158
Virkur tekjuskattur	14,3%	<u>(445.434)</u>	15,7%	<u>(362.331)</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

11. Rekstrarfjármunir**Rekstrarfjármunir greinast þannig:**

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2013	9.689.144	27.524.560	1.568.651	38.782.355
Viðbætur á tímabilinu	327.215	3.356.617	91.757	3.775.589
Selt og aflagt		(4.617)	(3.537)	(8.154)
Staða 31. desember 2013	<u>10.016.359</u>	<u>30.876.560</u>	<u>1.656.871</u>	<u>42.549.790</u>
Staða 1. janúar 2014	10.016.359	30.876.560	1.656.871	42.549.790
Viðbætur á tímabilinu	311.860	2.190.225	72.263	2.574.348
Selt og aflagt		(829)	(1.886)	(2.715)
Staða 31. desember 2014	<u>10.328.219</u>	<u>33.065.956</u>	<u>1.727.248</u>	<u>45.121.423</u>
Afskriftir				
Staða 1. janúar 2013	0	0	523.529	523.529
Afskriftir ársins	189.481	1.369.232	56.882	1.615.595
Staða 31. desember 2013	<u>189.481</u>	<u>1.369.232</u>	<u>580.411</u>	<u>2.139.124</u>
Staða 1. janúar 2014	189.481	1.369.232	580.411	2.139.124
Afskriftir ársins	195.099	1.339.203	76.772	1.611.074
Virðisrýrnun		100.000		100.000
Staða 31. desember 2014	<u>384.580</u>	<u>2.808.435</u>	<u>657.183</u>	<u>3.850.198</u>
Bókfært verð				
1. janúar 2013	9.689.144	27.524.560	1.045.122	38.258.826
31. desember 2013 og 1. janúar 2014	9.826.878	29.507.328	1.076.460	40.410.666
31. desember 2014	9.943.639	30.257.521	1.070.065	41.271.225
Bókfært verð án endurmats 31. desember 2013	4.934.784	23.430.277	897.053	29.262.114
Bókfært verð án endurmats 31. desember 2014	5.051.545	24.180.470	890.658	30.122.673

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 2,6 milljörðum króna (2013: 2,6 milljörðum króna). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 6,5 milljarðar króna (2013: 6,6 milljarðar króna). Vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar rekstrarfjármuna samstæðunnar nam 61,2 milljörðum króna í árslok 2014 (2013: 59,6 milljörðum króna).

Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2014 og engar eignir veðsettar.

Virðisrýrnun

Virðisrýrnun upp á 100 m.kr. var færð vegna þróunareignar vegna borunar vinnsluholu í Hoffelli þar sem stjórnendur samstæðunnar meta þann kostnað ekki endurheimtanlegan. Virðisrýrnun er færð á rekstur veitukerfa.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

12. Hlutdeildarfélag

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði hlutdeildarfélags nam 847 millj. kr. (2013: 491 millj. kr.) og hlutdeild í öðrum tekjum og gjöldum færðra á eigið fé nam 0 millj. kr. (2013: 0 millj. kr.)

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eftirfarandi:

	Eignar- hlutur	Bókfært verð	Heildar- eignir	Heildar- skuldir	Tekjur	Hagnaður
31. desember 2014						
Landsnet hf.	22,51%	4.323.828	81.859.476	62.651.004	14.350.406	3.762.240
31. desember 2013						
Landsnet hf.	22,51%	3.476.948	77.608.115	62.161.882	13.874.282	2.183.398

13. Önnur félög**Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:**

	2014 Bókfært verð	2013 Bókfært verð
Óskráð félög	25.220	23.156

14. Skatteign/tekjuskattsskuldbinding**Skatteign/tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig:**

	2014	2013
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign 1. janúar	(753.187)	(526.890)
Frestaður tekjuskattur ársins	(223.017)	(224.779)
Aðrir liðir	387	0
Áhrif samsköttunar	(3.615)	(1.518)
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign 31. desember	(979.432)	(753.187)

(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	(1.115.224)	(1.196.683)
Viðskiptakröfur	8.705	(1.979)
Skuldbinding vegna niðurrifs	133.995	131.165
Frestaður gengismunur	(19.488)	(15.872)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	12.580	330.182
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	(979.432)	(753.187)

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og að yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	2014	2013
Yfirfæranlegt tap ársins 2008, nýtanlegt til 2018	0	1.567.934
Yfirfæranlegt tap ársins 2009, nýtanlegt til 2019	33.447	33.447
Yfirfæranlegt tap ársins 2013, nýtanlegt til 2023	0	49.527
Yfirfæranlegt tap ársins 2014, nýtanlegt til 2024	29.455	0
Yfirfæranlegt tap samtals	62.902	1.650.908

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

15. Birgðir		
<i>Birgðir greinast þannig:</i>	2014	2013
Efnisbirgðir, varahlutir	812.136	820.994
16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		
<i>Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:</i>	2014	2013
Viðskiptakröfur	2.006.271	2.014.801
Aðrar skammtímakröfur	7.672	10.382
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(180.000)	(182.650)
	<u>1.833.943</u>	<u>1.842.533</u>
17. Handbært fé		
<i>Handbært fé greinist þannig:</i>		
Óbundnar innistæður	269.823	212.817
18. Eigið fé		
<i>Hlutafé</i>		
Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.		
<i>Yfirverðsreikningur</i>		
Yfirverðsreikningur samanstendur af innborguðu hlutafé umfram nafnverð 1 kr. á hlut.		
<i>Endurmatsreikningur</i>		
Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana og dreifikerfis til gangvirðis að teknu tilliti til skattáhrifa.		
<i>Arður</i>		
Félagið greiddi út 310 millj. kr arð á árinu 2014 (2013: 310 millj. kr.).		
Fyrir liggur tillaga frá stjórn um úthlutun arðs á árinu 2015 að fjárhæð 310 millj. kr (0,06 kr. á hlut).		
19. Hagnaður á hlut		
<i>Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:</i>	2014	2013
Hagnaður	2.661.183	1.946.599
<i>Vegið meðaltal hlutabréfa:</i>		
Hlutir 1. janúar–31. desember	5.000.000	5.000.000
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember	5.000.000	5.000.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	<u>0,53</u>	<u>0,39</u>
20. Vaxtaberandi skuldir		
Vaxtaberandi skuldir greinast þannig: Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gengisáhættu eru veittar í skýringu 23.		
<i>Skuldir til langs tíma</i>	2014	2013
Óveðtryggð bankalán	1.977.027	2.669.681
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	13.290.757	13.671.046
	15.267.784	16.340.727
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(4.637.393)	(1.188.028)
	<u>10.630.391</u>	<u>15.152.699</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

20. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Skammtímaskuldir

	2014	2013
Næsta árs afborgun langtímaskulda	4.637.393	1.188.028
Lánalína	400.000	0
Yfirdráttur	<u>0</u>	<u>114.146</u>
	<u>5.037.393</u>	<u>1.302.174</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals.....	<u>15.667.784</u>	<u>16.454.873</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði greinast þannig:

	Lokagjaldd.	2014		2013	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í CHF	2017	0,4%	465.166	0,4%	624.561
Skuldir í EUR	2017	0,6%	1.299.457	0,7%	1.797.578
Skuldir í USD	2018	0,5%	<u>212.404</u>	0,6%	<u>247.542</u>
			<u>1.977.027</u>		<u>2.669.681</u>
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2015-2033	4,6%	13.290.757	4,6%	13.671.046
Lánalína	2015	ÓVT	400.000		
Yfirdráttur			<u>0</u>	10,60%	<u>114.146</u>
			<u>13.690.757</u>		<u>13.785.192</u>
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			<u>15.667.784</u>		<u>16.454.873</u>

Samningsbundar afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

	2014	2013
Árið 2014		1.188.028
Árið 2015	4.637.393	4.603.861
Árið 2016	3.500.147	3.478.944
Árið 2017	1.128.840	1.129.936
Árið 2018	552.341	544.171
Árið 2019	763.407	757.990
Síðar	<u>4.685.656</u>	<u>4.637.797</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>15.267.784</u>	<u>16.340.727</u>

Samkvæmt áætlunum Rarik er gert ráð fyrir að taka lán á árinu 2015 að fjárhæð um 5,5 milljarðar króna. Hluti þessarar lántöku eða um 3,5 milljarðar króna eru vegna endurfjármögnunar. Samstæðan hefur þegar hafið undirbúning að lántökunni og miðað er við að henni verði að mestu lokið um mitt árið.

21. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

Staða 1. janúar	655.823	625.977
Gjaldfært á árinu	(32.817)	(33.014)
Vextir og verðbætur	<u>46.971</u>	<u>62.860</u>
Staða 31. desember	<u>669.977</u>	<u>655.823</u>

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skal stofnverð rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa meðal langtímaskulda. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggðist á núvirði áætlaðs niðurrifskostnaðar loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af byggingu lína og um endingartíma þeirra. Vextir á niðurrifskostnað voru 6,9% á árinu 2014 (2013: 6,9%) að viðbættir verðtryggingu. Engin ný loftlína var byggð á árunum 2014 og 2013.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:**

	2014	2013
Viðskiptaskuldir	1.052.364	1.152.218
Aðrar skammtímaskuldir	449.212	489.655
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals.....	<u>1.501.576</u>	<u>1.641.873</u>

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar**Yfirlit****Fjármálagerningum samstæðunnar fylgir eftirfarandi áhætta:**

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalega áhættu samstæðunnar, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið samstæðunnar er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því hefur stjórnin sótt ráðgjöf til utanaðkomandi ráðgjafa.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnotendur. Dreifing viðskiptakrafna eftir viðskiptavinum er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild samstæðunnar vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verið þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2014	2013
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.013.943	2.025.183
Handbært fé	269.823	212.817
	<u>2.283.766</u>	<u>2.238.000</u>

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Almennir orknotendur	1.733.496	1.462.204
Aðrar viðskiptakröfur	272.775	552.597
	<u>2.006.271</u>	<u>2.014.801</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

**23. Fjármálagerningar, frh.:
Virðisrýrnun**

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

	2014		2013	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.570.189	0	1.534.328	0
Gjaldfallnar kröfur, 0–30 daga	103.850	0	151.804	0
Gjaldfallnar kröfur, 31–60 daga	76.329	8.000	73.017	8.000
Gjaldfallnar kröfur, 61–90 daga	26.074	11.000	32.795	10.000
Gjaldfallnar kröfur, 91–120 daga	52.304	31.000	50.549	30.000
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 120 daga	177.525	130.000	172.308	134.650
	<u>2.006.271</u>	<u>180.000</u>	<u>2.014.801</u>	<u>182.650</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2014	2013
Niðurfærsla í upphafi árs	182.650	218.000
Tapaðar kröfur	(22.799)	(58.497)
Niðurfærsla ársins	<u>20.149</u>	<u>23.147</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	<u>180.000</u>	<u>182.650</u>

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Samstæðan hefur samið um lánalínu að fjárhæð 1.000 millj. kr. hjá viðskiptabanka sínum Landsbankanum hf. sem samstæðan hafði nýtt 400 millj. kr. af í árslok 2014.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

31. desember 2014

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðflæði	Innan árs	Eftir 1–2 ár	Eftir 2–5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	15.267.784	18.246.931	5.256.614	3.936.629	3.269.264	5.784.424
Lánalína	400.000	400.000	400.000			
Viðskiptaskuldir	1.052.364	1.052.364	1.052.364			
Aðrar skammtímaskuldir	<u>671.629</u>	<u>671.629</u>	<u>671.629</u>			
Samtals	<u>17.391.777</u>	<u>20.370.924</u>	<u>7.380.607</u>	<u>3.936.629</u>	<u>3.269.264</u>	<u>5.784.424</u>

31. desember 2013

Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	16.340.727	19.942.719	1.830.613	5.220.793	6.162.695	6.728.618
Yfirdráttarlán	114.161	114.161	114.161			
Viðskiptaskuldir	1.152.218	1.152.218	1.152.218			
Aðrar skammtímaskuldir	<u>627.207</u>	<u>627.207</u>	<u>627.207</u>			
Samtals	<u>18.234.313</u>	<u>21.836.305</u>	<u>3.724.199</u>	<u>5.220.793</u>	<u>6.162.695</u>	<u>6.728.618</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagerningar, frh.:**Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk sem stjórn hefur samþykkt.

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í krónum. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gengisáhættu

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönskum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánnum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánnum í íslenskum krónum.

Mögulegt tap vegna gengisáhættu

Gengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

	CHF	EUR	USD
2014			
Handbært fé	0	133.336	25.610
Langtímaskuldir	(465.166)	(1.299.457)	(212.404)
Áhhætta í efnahagsreikningi	(465.166)	(1.166.121)	(186.794)
2013			
Handbært fé	204	163.568	23.189
Langtímaskuldir	(624.560)	(1.797.578)	(247.542)
Áhhætta í efnahagsreikningi	(624.356)	(1.634.010)	(224.353)

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	2014	Meðalgengi 2013	2014	Árslökagengi 2013
CHF	127,86	132,27	128,65	129,55
EUR	155,29	162,83	154,7	158,94
USD	117,03	122,52	127,2	115,3

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði hækkað afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2013.

	2014	2013
CHF	37.213	49.948
EUR	93.290	130.721
USD	14.944	17.948

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

**23. Fjármálagerningar, frh.:
Vaxtaáætta**

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum, en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

Fjármálagerningar með fasta vexti	2014	2013
Fjárskuldir	(13.690.757)	(13.785.195)
 Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Handbært fé	269.823	212.817
Fjárskuldir	(2.377.027)	(2.783.827)
	(2.107.204)	(2.571.010)

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxta-breytingar á uppgjörssdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörssdegi 31. desember 2014 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 16,9 millj. kr. (2013: 20,6 millj. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Önnur markaðsverðsáætta

Önnur markaðsverðsáætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra að undanteknum vaxtaberandi langtímaskuldum. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2014		2013	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	15.267.784	15.740.826	16.454.873	17.110.206

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með áhættulausum vöxtum í viðeigandi mynt auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi. Áhættuálag var metið 100 bp í árslok 2014 og 2013 og var það byggt á þeim kjörum sem félaginu hefur boðist á markaði. Gangvirðisútreikningar vaxtaberandi langtímaskulda falla undir stig 2 í stigveldi gangkerfis.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 61% í árslok 2014 (2013: 58%). Stjórn félagsins hefur ekki sett sér markmið um lágmarks eiginfjárlutfall.

Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfalli samstæðunnar er litið til bókfærðs eigin fjár.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Fjármálagerningar, frh.: Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Bókfært verð
2014				
Eignarhlutir í öðrum félögum			25.220	25.220
Viðskiptakröfur		1.826.271		1.826.271
Aðrar skammtímakröfur		7.672		7.672
Handbært fé		269.823		269.823
Samtals eignir	0	2.103.766	25.220	2.128.986
Vaxtaberandi skuldir	15.667.784			15.667.784
Viðskiptaskuldir	1.052.364			1.052.364
Aðrar skammtímaskuldir	671.629			671.629
Samtals skuldir	17.391.777	0	0	17.391.777
2013				
Eignarhlutir í öðrum félögum			23.156	23.156
Viðskiptakröfur		1.832.151		1.832.151
Aðrar skammtímakröfur		10.382		10.382
Handbært fé		212.817		212.817
Samtals eignir	0	2.055.350	23.156	2.078.506
Vaxtaberandi skuldir	16.454.873			16.454.873
Viðskiptaskuldir	1.152.218			1.152.218
Aðrar skammtímaskuldir	627.207			627.207
Samtals skuldir	18.234.298	0	0	18.234.298

24. Tengdir aðilar Skilgreining tengdra aðila

Eigandi, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Samstæðan keypti þjónustu af hlutdeildarfélagi sínu fyrir 1.602 m.kr. á árinu 2014 (2013: 1.528 m.kr.)

Samstæðan seldi þjónustu til hlutdeildarfélags síns fyrir 117 m.kr. á árinu 2014 (2013: 156 m.kr.)

Viðskipti við íslenska ríkið og félag og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

25. Fyrirtæki í samstæðunni Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum greinast þannig:

	2014	Eignarhluti 2013
Orkusalan ehf.	100,0%	100,0%
Rarik orkuþróun ehf.	100,0%	100,0%
Ljós og gagnaleiðari ehf.	100,0%	100,0%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) **Dótturfélög**

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfiráð. Samstæðan fer með yfiráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfiráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfiráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær að reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

(ii) **Hlutdeildarfélög**

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfiráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20–50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og öðrum tekjum og gjöldum færðum á eigið fé hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

(iii) **Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum**

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisýrnunar fjárfestinganna.

b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) **Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c) **Fjármálagerningar**

(i) **Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar**

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 26(k) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

d) **Hlutafé**

Almennt hlutafé

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutafé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e) Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetnu kostnaðarverði eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir viðkomandi eign færður á óráðstafað eigið fé.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

f) Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn – fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g) Virðisrýmun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýmun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýmun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýmun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýmun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar. Virðisrýmun umfram það er gjaldfærð í rekstrarreikningi

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeгла mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýmun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörstegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýmun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýmun hefði verið færð.

h) Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(ii) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðunni ber lagalega skyldu eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeгла markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfræðinga. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingar vegna núvirðingar og verðtryggingar eru færð meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j) Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádrögnum sköttum (EBIT að frádrögnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við ákvörðun tekjumarka er ekki litið til raunverulegra fjármagnsliða. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæðum félagsins, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifibýli.

k) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

l) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum færðum meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

26. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**m) Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og bynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

n) Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlöggð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

o) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2014 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2014, en heimilt er að taka upp fyrir. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

YFIRLÝSING UM STJÓRNARHÆTTI

Inngangur

Meginstarfsemi Rarik, móðurfélagsins, er rekstur dreifiveitu sem starfar skv. lögum nr. 65 frá 2003 og nær dreifiveitusvæðið til meginhluta landsins utan höfuðborgarsvæðisins, Vestfjarða og Reykjaness. Auk þess rekur Rarik fimm hitaveitur, jarðvarmaveitur í Búðardal, Blönduósi og Siglufirði og fjarvarmaveitur á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði.

Framleiðsla og sala rafmagns er í höndum dótturfélagsins Orkusölnnar ehf. Þróun og uppbygging orkukerfa er hjá dótturfélaginu Rarik orkuþróun ehf. og Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Öll þessi dótturfélög eru alfarið í eigu Rarik.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núgildandi starfsreglur stjórnar voru staðfestar af stjórn þann 23. júní 2011 eftir að þær höfðu verið kynntar fulltrúa hlutahafans. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu Rarik.

Áhættustýring

Innra eftirlit Rarik felur í sér skilgreiningu á rekstri, stjórnun og hlutverki fyrirtækisins, markmiðasetningu, upplýsingasöfnun og yfirferð þeirra upplýsinga sem verða til í kerfum fyrirtækisins um starfsemi þess, verklag og árangur samkvæmt settum markmiðum. Brugðist er við frávikum og fengin reynsla er nýtt í þróun og endurskilgreiningu starfseminnar. Stjórn félagsins ákvað að innri endurskoðun fyrir árin 2015 til 2018 yrði boðin út. Útboðið hefur þegar farið fram og er verið að yfirfara þau tilboð sem bárust.

Afkomumarkmið RARIK eru sett af stjórn fyrirtækisins. Mánaðarlega fer stjórn yfir rekstraryfirlit og stöðu í fjárfestingum, þar sem frávik frá áætlunum eru yfirfarin og skýrð. Í handbók fyrirtækisins, sem er aðgengileg á innri vef þess, eru margvíslegar verklagsreglur til að tryggja gott eftirlit með rekstrarkostnaði. Sömuleiðis eru umfangsmiklar verklagsreglur um tekjuskráningu, m.a. með ferilskráningu mæla og afstemmingu sölukerfis og bókhalds. Þá eru ýmsar verklagsreglur þar sem kveðið er á um hvernig þeir, sem eru fjárhagslega ábyrgir fyrir þeim verkum sem unnið er að, sinni reglubundinni skráningu og eftirliti með kostnaði verkanna og beri ábyrgð á skilum þeirra til uppgjors. Í skýringu nr. 23 í ársreikningi er jafnframt gerð grein fyrir áhættustýringu Rarik vegna fjármálagerna.

Stjórnskipulag

Stjórnskipulag Rarik samanstendur af stjórn móðurfélags, stjórnnum þriggja dótturfélaga og framkvæmdaráði móðurfélagsins. Starfsemi Rarik er skipt í fjögur svið auk skrifstofu forstjóra en þau eru Fjármálasvið, Framkvæmdasvið, Rekstrarsvið og Tækni-svið. Þá hefur stjórn kosið Endurskoðunarnefnd en fer sjálf með hlutverk Starfskjaranefndar.

Stjórn

Stjórn Rarik sinnir stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við lagareglur sem gilda um stjórn félagsins. Stjórnin staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir, fer með málefni félagsins og annast um að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Í stjórn Rarik eru fimm eftirtaldir aðalmenn, allir kosnir á aðalfundi:

Birkir Jón Jónsson, Baugakór 13 Kópavogi, formaður stjórnar, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Austurvegi 30 Seyðisfirði, varaformaður stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Huld Aðalbjarnardóttir, Víðisholti 1 Norðurþingi, ritari stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, Grænuvöllum 5 Selfossi, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, Norðurbakka 11a Hafnarfirði, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Stjórn Rarik ohf. hélt 12 fundi á árinu 2014.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:**Framkvæmdaráð og dótturfélög**

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri Rarik, situr í framkvæmdaráði Rarik og er formaður stjórna þriggja dótturfélaga Rarik: Orkusölnunnar ehf., Rarik orkuþróunar ehf. og Ljós- og gagnaleiðara ehf.

Ólafur Hilmar Sverrisson er framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, situr í framkvæmdaráði Rarik og á sæti í stjórn dótturfélagsins Rarik orkuþróun.

Ómar Imsland er framkvæmdastjóri Framkvæmdasviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Pétur Einir Þórðarson er framkvæmdastjóri Tæknisviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Örlygur Jónasson er framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Magnús Kristjánsson er framkvæmdastjóri Orkusölnunnar, sem er dótturfélag Rarik.

Steinar Friðgeirsson er framkvæmdastjóri Rarik orkuþróunar, sem er dótturfélag Rarik.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Rarik var skipuð þann 8. maí 2014 og í henni sitja:

Sigurður Þórðarson, endurskoðandi, formaður,

Huld Aðalbarnardóttir, stjórnarmaður í stjórn Rarik,

Elín R. Líndal, framkvæmdastjóri


Endurskoðunarnefnd Rarik hefur sett sér starfsreglur sem samþykktar eru af stjórn Rarik. Nefndin starfar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, lög nr. 3/2006. Nefndin hélt 5 fundi á árinu 2014.

Endurskoðunarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir stjórn Rarik og upplýsir stjórn um störf sín að minnsta kosti tvisvar á ári.

Starfskjaranefnd

Stjórn Rarik fer með hlutverk starfskjaranefndar. Starfskjarastefna er kynnt á aðalfundum félagsins.

SKAMMSTAFANIR OG SKÝRINGAR					
kV	=	kílóvolt	ISK	=	icelandic crowns
kW	=	kílówatt	mkr	=	million icelandic crowns
MW	=	megawatt = 1.000 kW	h	=	hour
kVA	=	kílóvoltamper	RARIK	=	Iceland State Electricity
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA	RED	=	RARIK Energy Development (RARIK subsidiary)
kWst	=	kílówattstund	Orkusalan	=	Energy sales and production (RARIK subsidiary)
MWst	=	megawattstund = 1.000 kWst	hf	=	Ltd, PLC
GWst	=	gígawattstund = 1.000 MWst	ehf	=	Ltd
TWst	=	terawattstund = 1.000 GWst	ohf	=	PLC
mkr	=	milljón krónur = 1.000.000 krónur			
st	=	klukkustund			



THE COMPANY

RARIK (Iceland State Electricity) was founded in April 1946 and started operations in January 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main tasks being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus provide and create added value to its customers.

By devoting its energy to building an electric power transmission and distribution system for the country's rural as well as urban areas, RARIK has played an important role in the development of individual regions in the country.

Electrical and industrial development went hand in hand in Iceland. RARIK played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and now provides electricity via the grid system to around 60 population centres around Iceland. Its distribution network covers around 80–90% of the country's inhabited areas and serves approximately 16% of the population. The length of the high voltage distribution network is ca 8,700 km and although originally all high voltage distribution was via overhead power lines, by end of 2014 over 53% of the lines had been replaced with underground cables.

Following the passage of a new Icelandic Electricity Act in 2003 a number of significant changes took place in the field of energy production, transportation, distribution and sales. In accordance with the new act an independent company, Landsnet hf, began operation on the 1st of January 2005. This company was created to organize the transmission of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 22.5% share in Landsnet hf.

The new act also meant that consumers were able to choose an electricity supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland.

In accordance with the new act, RARIK was incorporated in July 2006, and this limited company took over all activities of the State Electric Power Works as of the 1st of August 2006 – just 60 years after Parliament adopted the act on the Establishment of the State Electric Power Works. RARIK's operations were divided at the beginning of the year 2007 into its concessioned activities, which are operated by the parent company RARIK ohf. and its competitive business activities, which were transferred to a subsidiary Orkusalan ehf.

The subsidiary, Orkusalan ehf. produces, buys and sells electricity to homes, businesses and institutions throughout the country and is 100% owned by RARIK.

In 2008 a new subsidiary was established, RARIK Energy Development Ltd (RED), also 100% owned by RARIK. The main task of this subsidiary is energy research and development, both domestic and abroad.

In addition, RARIK owns and operates five hotwater supply utilities, namely three geothermal hotwater ones and two district heating ones. The number of employees of RARIK and subsidiaries at the end of 2014 was 192.



FINANCES


The year 2014 was a good year for RARIK. Income rose by over 6% from the previous year, while operating fees increased by just over 4%. Results before financial items were similar to what was anticipated. Financial items, however, were much more favourable. As a result, the overall profits for the year was rather higher than predicted.

Operation

Operating profit for 2014 (EBIT) amounted to ISK 3,008 million, which is approximately 24% of turnover. Operating profit before depreciation, financial items and taxes (EBITDA) was approximately 37% of turnover, or ISK 4,719 million. The tariff for distribution in rural areas was increased by 4.5% at the beginning of the year, while urban tariffs remained the same. Despite this increase in the price of distribution, RARIK is not fully utilising its authorised income potential under the provisions of the Electricity Act in rural areas, and therefore, special increases in rural tariffs will be required in the next few years. Income authorisations in urban areas, however, are fully utilised due to increased income in recent years as a result of connection fees from the electrification of fish meal factories. The tariff for RARIK's district heating did not change during the year. Orkusalan increased its prices by 2.3% on 1 July in accordance with Landsvirkjun's increase of the wholesale price to Orkusalan.

Operating revenues amounted to ISK 12,521 million, an increase of just over 6% from the previous year. Operating expenses amounted to ISK 9,513 million, which is an increase of 4% from 2013. Financial expenses in excess of financial income amounted to ISK 748 million, just over 4.5% of the interest bearing debt at the beginning of the year. Operating results, excluding associated companies and taxes, were positive to the tune of ISK 2,260 million, compared to ISK 1,817 million in 2013. The financial impact of the associated company, Landsnet hf., was positive to the amount of approximately ISK 847 million. The year's profit after income tax was ISK 2,661 million. Depreciations for the year were somewhat higher than the previous year as a result of an impairment entry amounting to ISK 100 million due to costs from drilling at Hoffell near Hornafjörður for the planned geothermal water distribution system at Höfn. The drilling was unsuccessful, as the borehole does not provide any hot water, and as a result, this cautionary entry has been made.

ASSETS, LIABILITIES AND EQUITY RATIO



Balance Sheet

RARIK's total assets according to the balance sheet amounted to ISK 48,536 million. Liabilities at year-end amounted to ISK 19,041 million. As a result, RARIK's equity is ISK 29,495 million and its equity ratio 60%. RARIK's equity ratio is now comparable to what it was when the company was founded in 2006. Investments during 2014 amounted to ISK 2,574 million, while total investment during 2013 amounted to ISK 3,776 million. The bulk of the investment is due to the renewal of the distribution system. Investments in distribution systems during the year amounted to ISK 2,040 million. Investments in power plants amounted to ISK 312 million during the year.

Financing

Maturities during 2015–2017 amount to over ISK 9 billion, making it clear that long-term refinancing will have to be obtained for a significant proportion thereof. The largest proportion of these maturities is in 2015 and 2016. Preparations for refinancing are underway, although no decision has been made as to whether such refinancing will be restricted to the domestic finance market.

The proportion of foreign debt at year-end was just under 13% of the company's interest bearing liabilities and, if no new foreign loans are taken, will be fully paid up in 2018.

KEY FIGURES FROM OPERATIONS			
	ISK	2013	2014
Operating revenues	mkr	11.793	12.521
Operating expenses	mkr	9.108	9.513
Operating profits	mkr	2.684	3.008
Financial income (fin,expenses)	mkr	-867	-748
Impact of associated company	mkr	491	847
Profits before taxes	mkr	2.309	3.107
Income tax	mkr	-362	-445
Profits	mkr	1.947	2.662
Total assets	mkr	46.787	48.536
Equity	mkr	27.144	29.495
Liabilities	mkr	19.643	19.041
Cash from operating activities	mkr	3.541	3.837
Interest expenses paid	mkr	657	649
EBITDA	mkr	4.300	4.719
Interest coverage		6,54	7,27
Equity ratio		58,0%	60,8%
Population of distribution area		50.606	50.865
Customers , meters (electricity)		41.375	41.375
Distribution of electricity	GWh	1.110	1.138
– per capita,	kwst	21.820	22.370
High Tension systems	km	8.678	8.730

Prospects for 2015

Prospects for RARIK's operation in 2015 are favourable. Profits from the operation of the company are expected to be rather less than profits in 2014. Projections for 2015 assume that primary energy sales will increase, while electricity distribution is expected to remain the same.



Útgefandi/published by

RARIK ehf.

Dvergshöfða 2 - 110 Reykjavík

Sími/Tel. 528 9000 - Fax 528 9009

rarik@rarik.is - www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri

Efnisöflun: Rósant Guðmundsson kynningarstjóri

Umsjón og hönnun: Athygli ehf.

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Ljósmyndir: Emil Þór Sigurðsson, Grétar Reynisson, Rósant Guðmundsson og ýmsir starfsmenn RARIK.



RARIK

RARIK ohf • sími 528 9000 • rarik@rarik.is • www.rarik.is